

66. ÁRSPING HSÍ



Þinggerð

66. ársþing HSI
Sunnudaginn 30. apríl 2023



1. Þingsetning

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, setti sextugasta og sjötta ársþing HSÍ í Laugardalshöll þann 30. apríl 2023.

2. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaður HSÍ gerði það að tillögu sinni að Helga Þórðardóttir yrði kjörinn þingforseti. Engin andmæli bárust og þingheimur samþykkti tillöguna með lófataki. Guðmundur bauð Helgu orðið og tók hún þegar til starfa.

Helga Þórðardóttir, þingforseti, steig í pontu og bauð þingfulltrúa velkomna á þingið. Hennar fyrsta verk var að tilnefna Guðmund B. Ólafsson sem varaþingforseta. Engin andmæli bárust og þingheimur samþykkti tillöguna með lófataki.

3. Staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög

Helga Þórðardóttir hafði kynnt sér lög og samþykktir sambandsins og boðun á þingið. Rafrænt boð var sent til aðildarfélaganna 29. mars 2023, sem var rétt rúmlega mánuði fyrir ársþing. Þingforseti staðfesti því að boðun þingsins var í samræmi við lög sambandsins.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Þingforseti lagði til að Kolbrún Helga Hansen tæki að sér embætti þingritara og að Magnús Kári Jónsson yrði varaþingritari. Engar aðrar tillögur eða andmæli bárust og töldust því tillögur þingforseta samþykktar. Kolbrún Helga og Magnús Kári tóku þegar til starfa við ritun þingsins.

5. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Tilnefnd voru:

- Anna I. Jónsdóttir
- Ólafur Víðir Ólafsson



- Kjartan Vídó Ólafsson

Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust og töldust þau því réttkjörin í kjörbréfanefnd.

6. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð síðasta árs lá fyrir þinginu. Þá var þinggerðin send öllum aðildarfélögunum rafrænt fyrir þingið auk þess að vera birt á heimasíðu HSÍ. Þingforseti staðfesti því að þinggerð síðasta árs hefði verið lögð fram með fullnægjandi hætti. Þingfulltrúar höfðu engar athugasemdir við þinggerðina.

Þingforseti notaði tækifærið til að minnast látinna félaga. Frá síðasta ársþingi létust þeir Ásmundur Einarsson fyrrum formaður handknattleiksdeildar Gróttu, Stefán Arnar Gunnarsson þjálfari, Karl Benediktsson fyrrverandi landsliðsþjálfari og Boris Bjarni þjálfari. Þingfulltrúar og aðrir gestir risu úr sætum og höfðu stutta þögn.

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir.

7. Ávörp gesta

Hafsteinn Pálsson, varaforseti ÍSÍ, fékk orðið.

Hafsteinn ávarpaði þingforseta og þingfulltrúa og flutti kveðju frá forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki. ÍSÍ þakkaði fyrir samstarfið á árinu. Hafsteinn sagði það ánægjulegt að kominn væri einhver skriður á undirbúning á innanhúsaðstöðu fyrir handbolta, körfubolta og fleiri íþróttagreinar. Hann vænti þess að þetta væru meira en orðin tóm og íþróttahreyfingin kæmi sér áfram á þann stall að vera með fyrirmyndaraðstöðu hér á landi fyrir þessa ágætu íþrótt sem handboltinn er. Þrátt fyrir tafir vegna frestunar minnti Hafsteinn á að halda þyrfti uppi þrýstingi. Hann hafði fulla trú á forystu handknattleikshreyfingarinnar við að minna á að það þurfi að halda undirbúningnum áfram af krafti. Þá vonaði Hafsteinn að innan ekki of margra ára væri komin aðstaða sem sæmdi.

Hafsteinn minnti þingfulltrúa á Getspá og Getraunir. Að þetta væru fyrirtæki sem íþróttahreyfingin treysti á að skili arði í hús. Tekjurnar frá þessum fyrirtækjum skiptu íþróttahreyfinguna miklu máli og hreyfingin þyrfti að standa vörð um þau.

Hafsteinn sagði frá samskiptaráðgjafanum sem ríkisstjórnin kom á laggirnar. Það væri regluverk í kringum hann og upplýsingar mætti finna á heimasíðu ÍSÍ og UMFÍ og á fleiri stöðum. Hafsteinn ítrekaði við þingfulltrúa að þetta væri óháður samskiptaráðgjafi. Hann starfi óháð hreyfingunum sem hann þjónar og til mikils væri vænst af honum. Hafsteini fannst ástæða til þess að nefna að samskiptaráðgjafinn væri á vegum stjórnvalda en ekki á vegum ÍSÍ, UMFÍ, skátanna eða annarra.



Vegna leiks Íslands við Eistland síðar um daginn var Hafsteinn stutturður. Að lokum óskaði hann þingfulltrúum árangursríkra þingstarfa og að íþróttin mætti dafna sem aldrei fyrr.

8. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt

Þingforseti bauð Önnu I. Jónsdóttur upp í pontu til að kynna störf kjörbréfanefndar.

Á ársþingi HSÍ árið 2023 áttu 75 þingfulltrúar rétt á setu á þinginu. Anna I. Jónsdóttir, fyrir hönd kjörbréfanefndar, staðfesti að það væru 58 atkvæði í salnum, frá 17 félögum og 1 héraðssambandi.

Mætt voru:

Afturelding:	Haukur Sörli Sigurvinsson, Hannes Sigurðsson, Erla Dögg Ragnarsdóttir, Sigurður Straumfjörð Pálsson
FH:	Ásgeir Jónsson, Sigurgeir Árni Ægisson, Sverrir Reynisson, Ísleifur Arnarson
Fjölur:	Davíð Arnar Einarsson, Magnús Þór Arnarson, Þorgeir Lárus Árnason, Birkir Guðsteinsson
Fram:	Óli Þór Gunnarsson, Gísli Freyr Valdórsson, Sigurður Víðir Sigurjónsson, Anna Lára Guðnadóttir
Fylkir:	Ingvar Örn Ákason, Hörður Ingbór Harðarson
Gróttu:	Sigurjón Björnsson, Arnkell Bergmann, Ólafur Finnbogason
Haukar:	Þorkell Magnússon, Ingimar Haraldsson, Andri Már Ólafsson, Aron Rafn Eðvarðsson
HK:	Kristín Helga Einarisdóttir, Hrund Sverrisdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Ársæll Ingi Guðjónsson
HSK:	Einar Sindri Ólafsson
Hörður:	Vigdís Pála Halldórsdóttir
ÍBR:	Margrét Valdimarsdóttir
ÍBV:	Vilmar Þór Bjarnason, Guðbjörg Helgadóttir, Ellert Scheving, Jónas Logi Ómarsson
ÍR:	Kristinn Björgúlfsson, Elín Freyja Eggertsdóttir, Sólveig Lára Kjærnested, Arnar Freyr Guðmundsson
KA:	Siguróli Sigursson, Sævar Pétursson, Atli Ragnarsson, Klara Fanney Stefánsdóttir
Selfoss:	Þórir Haraldsson, Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Örn Þrastarson, Árni Þór Grétarsson
Stjarnan:	Pétur Bjarnason, Inga Fríða Tryggvadóttir, Jóhanna Íris Guðmundsdóttir
UMSK:	Hanna Carla Jóhannsdóttir
Valur:	Eva Gunnlaugsdóttir, Svala Þormóðsdóttir, Gunnar Freyr Sverrisson, Óskar Bjarni Óskarsson
Víkingur:	Vigdís Jóhannsdóttir, Helga Birna Brynjólfssdóttir, Halldór Harri Kristjánsson, Þorbjörn Aðalsteinsson



Þór: Björn Birgir Björnsson, Erlingur Kristjánsson

Engar athugasemdir við störf kjörbréfanefndar bárust og lýsti þingforseti því störf hennar samþykkt.

9. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:

- Arnar Þorkelsson
- Atli Ragnarsson
- Sigurgeir Árni Ægisson

Engar aðrar tilnefningar eða athugasemdir bárust.

Þingforseti lýsti þau réttkjörin í fjárhagsnefnd.

Þingforseti lagði til að allsherjar- og laganefnd yrðu sameinaðar í eina nefnd eins og hefur tíðkast undanfarin ár.

Í sameinaða allsherjar- og laganefnd voru tilnefnd:

- Þórir Haraldsson
- Davíð Arnar Einarsson
- Þorkell Magnússon

Engar aðrar tillögur eða athugasemdir bárust.

Þingforseti lýsti þau réttkjörin í sameinaða allsherjar- og laganefnd.

Þingforseti óskaði eftir því að þingnefndirnar tæku til starfa í þinghléi.

10. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Þingforseti bauð Guðmund B. Ólafsson, formann HSÍ, velkominn í pontu til að kynna skýrslu fráfarandi stjórnar.

Handboltinn var í sviðsljósinu á síðastliðnu ári, að sögn Guðmundar. Mikið var rætt um handboltann og Guðmundur telur að þau sem starfa í félögunum og með landsliðunum hafi viðhaldið því að handboltinn sé þjóðaríþrótt Íslendinga. Handboltahreyfingin geti verið stolt af því. Á síðastliðnu starfsári kom HSÍ miklu í verk og Guðmundur sagði það væri eiginlega alveg með ólíkindum að miðað við að skrifstofan væri ekki stærri en hún er, upp á sex starfsmenn, hverju sambandið gæti áorkað. Þá þakkaði hann starfsfólkinu og stjórn fyrir vel unnin störf. Guðmundur tók sem dæmi að á landsleikjum gengju allir starfsmenn í öll störf, allir leggðu í púkkinn og allir stæðu saman.



Eitt af helstu verkefnum HSÍ, að mati Guðmundar, er útbreiðsla handboltans. Það er að sambandið sé samnefnari fyrir félögin og hjálpi félögunum við að fá iðkendur og halda þeim í íþróttinni sem lengst. Þetta væri sameiginlegt markmið handboltahreyfingarinnar og HSÍ hafi unnið ótullega að því á síðastliðnu ári. Fyrst nefndi Guðmundur kvennaboltann. HSÍ fór í naflaskoðun hvað varðar kvennaboltann til að meta hvað væri hægt að gera betur. Síðastliðin tvö ár var nefnd að störfum við að skoða þessi mál og upplýsti Guðmundur þingfulltrúa um að Inga Lilja, formaður fræðslunefndar, myndi gera nánari grein fyrir störfum nefndarinnar síðar á þinginu. Guðmundur er sjálfur þeirrar skoðunar að nálgast þurfi stúlkur aðeins öðruvísi en drengina. Nálgunin þurfi að vera önnur til að örva áhugann. Þá sagði hann frá fundi sem hann sótti með formönnum annarra handknattleikssambanda í vetur. Norðmenn og Hollendingar hafi verið með átaksverkefni í gegnum Alþjóðahandknattleikssambandið sem kallast *kasta boltanum* eða *throw the ball*. Hollendingarnir gerðu síðan könnun á því af hverju krakkar væru í handbolta og niðurstöðurnar voru dálítið merkilegar, að sögn Guðmundar. Hér staldraði hann aðeins við og útskýrði fyrir þingfulltrúum stöðuna á handbolta í Hollandi. Það væri þannig að þegar handknattleikssambandið færi í skólana til að hvetja nemendur til að mæta á handboltaæfingu, þyrftu þau fyrst að útskýra, bæði fyrir foreldrum og kennurum, hvað handbolta væri. Sem dæmi væri handbolta ekki sýndur í sjónvarpi í Hollandi þrátt fyrir að þjóðin ætti frábært kvennalið og frábært starf væri unnið í handknattleikssambandinu. Hollenska sambandið þyrfti því að byrja frá grunni að kynna íþróttina en aftur að könnuninni um það af hverju krakkar væru í handbolta. Stúlkurnar svöruðu að þær væru í þessu út af félagsskapnum og þjálfaranum en hjá drengjunum var það spennan og keppnin sem dróg þá að. Stúlkurnar voru spurðar að því af hverju þær hættu og þá hættu þær út af því nákvæmlega sama og þær byrjuðu á. Þjálfarinn var nefndur oftast, þá æfingarnar og svo félagsskapurinn. Aðrir sem voru á þessum fundi tóku undir niðurstöður Hollendinga. Guðmundur fann það hjá til dæmis Norðmönnum og Dönum að þar þarf ekki að kynna handboltann til að draga stelpur á æfingu en árangur landsliðanna drífur stelpurnar á æfingar. HSÍ hafi einnig fundið fyrir því hér að þegar landsliðunum gengur vel og hreyfingin býr til fyrirmyndir, þá fjölgi iðkendunum. Félögin finni fyrir því líka. Guðmundur telur að skoða ætti málin í kvennaboltanum með jákvæðum huga og hafa í huga að það er þessi félagslegi þáttur sem er ofboðslega sterkur og félögin þurfa að halda utan um það. Þá skipti líka máli árangur og fyrirmyndir, bæði innan félagsliðanna og í landsliðinu. Allt helst þetta í hendur, sagði Guðmundur.

Sambandið bætti við tveimur landsliðsflokkum á síðastliðnu ári, bæði kvenna- og karlamegin. Yngri landsliðin hafa aldrei verið fleiri. HSÍ telur að það hjálpi til við að binda krakkana í íþróttum. Guðmundur sagði að marktæk jákvæð þróun hefði verið hjá kvennalandslíðinu á síðastliðnu ári. Markvissar framfarir og liðinu gekk betur en undanfarin ár. Það munaði ekki miklu að liðið kæmist á HM og miðað við dráttinn fyrir Evrópumótið á næsta ári þá er liðið í dauðafæri á að komast aftur á stórmót, að mati Guðmundar. Hann vonar að kvennalandslíðið komist á stórmót í lok árs 2024 og nái að nýta sér þann meðbyr sem hefur verið með liðinu.

Fyrir þinginu lá tillaga um að spila kvennaboltann í einni deild. Guðmundur sagði að það væru skiptar skoðanir um það eins og alltaf. Þetta væri umræðuefni sem væri búið að vera lengi í umræðunni og hafi verið tekið fyrir tvisvar á formannafundi. Þar voru fluttar skeleggar ræður um málefnið. Guðmundur sagði að stjórnin tæki enga afstöðu heldur væru það félögin sem ættu að ákveða þetta. Hins vegar væri alveg ljóst að með einni deild myndu líkurnar aukast á



Því að félögin næðu að halda utan um sína iðkendur og fengju tækifæri og tíma til að byggja upp lið. Á móti kæmi að líklega yrðu gæðin á æfingum minni og einnig minni keppni á æfingum. Þetta væru helstu sjónarmiðin með og á móti, að mati Guðmundar. Þingfulltrúar þyrftu að ræða þetta á þinginu og taka síðan afstöðu.

Næst fór Guðmundur yfir fréttir af karlalandsliðinu. Liðið náði ágætum árangri á árinu þó að niðurstaðan á HM hafi verið ákveðin vonbrigði. Liðið hafi núþegar tryggt sér sæti á EM í janúar 2024 og Guðmundur vonaði að strákarnir myndu klára dæmið seinna um daginn og koma sér í efsta styrkleikaflokk. Þá sagði Guðmundur að HSÍ bindi vonir við góðan árangur á Evrópumótinu. Það gæti verið lykillinn að því að liðið komist í úrtökumót fyrir Ólympíuleikana 2024.

Guðmundur Guðmundsson lét af störfum sem landsliðsþjálfari fyrr á þessu ári. Bæði sambandið og þjóðin öll á honum mikið að þakka fyrir hans frábæra framlag til handboltans síðastliðin 23 ár, að mati Guðmundar formanns HSÍ. Hann hafi fyrst verið ráðinn landsliðsþjálfari árin 2001-2004 og síðan hafi hann 3x verið ráðinn aftur og Gunnar Magnússon hans aðstoðarmaður honum við hlið. Guðmundur hafi því verið eitthvað um sirka 14 ár af síðastliðnum 23 sem landsliðsþjálfari, taldi formaður. Guðmundur þjálfari skilaði karlalandsliðinu besta árangri sem íslenskt landslið hefur náð. Silfur á Ólympíuleikum og 3. sætið á EM. Verkefni stjórnar HSÍ þessa dagana var að fylla hans skarð, sagði Guðmundur formaður.

Sjónvarpsmálin voru stjórn HSÍ hugleikin á árinu. Hún byrjaði strax eftir síðasta ársþing að vinna að hugmyndum um sjónvarpsmál og hvernig best væri að þessu staðið. Félögin hefðu misjafnan háttinn á en stjórn HSÍ hefur skoðað ýmsa möguleika. Bæði áframhaldandi samstarf við Stöð2 og opnað á aðra möguleika. Mest spennandi kosturinn, að mati Guðmundar, er ný tækni sem gerir það að verkum að hægt væri að setja upp myndavél í hvert einasta íþróttahús, taka upp leiki og streyma í beinni og það væri gervigreind sem stjórnaði myndavélinni. Þetta væri hægt án mikils tilkostnaðar. Hins vegar væru ekki alveg hæstu gæðin á slíkri útsendingu og þessi lausn henti því ekki til að sýna frá leikjum í efstu deild. HSÍ stefni þó á að semja við erlent fyrirtæki um að setja þessar myndavélar upp án kostnaðar fyrir félögin þannig að hægt verði að streyma frá leikjum yngri flokka beint á netinu. Hugsanlega væri hægt að búa til app með lága áskrift. Guðmundur telur að þetta gæti hjálpað sambandinu verulega við að auka útbreiðsluna. Stjórnin væri þó ennþá að vinna að því hvernig best væri að haga útsendingum frá efstu deild. Sú vinna væri í gangi og málefnið hefði verið rætt á formannafundum. Félögin eru nokkuð samstíga í þessu máli, að sögn Guðmundar.

Guðmundur rifjaði upp fyrir þingfulltrúum að markmið HSÍ væri að reyna að koma að sterkari útbreiðslu handboltans í nágrannasveitarfélögunum, eins og hann talaði um á síðasta þingi. Í vetur bauð HSÍ upp á æfingar á sunnudögum fyrir krakka 8-12 ára í samstarfi við Íþróttabandalag Akraness. Guðmundur sagði gaman að segja frá því að það væri ennþá til handboltafélag innan ÍA en þar hafi ekki verið spilaður handbolti í áratugi. Ingvar Örn Ákason tók það að sér að sinna þessu verkefni og um 70 krakkar mættu að staðaldri á þessar æfingar. HSÍ vonast til þess að með nýju íþróttahúsi sem verið væri að byggja á Skaganum myndi handboltinn fá æfingatíma þar inni. Mikill áhugi væri á Skaganum og innan ÍA um að bjóða upp á handbolta. Það væri mikið um hann spurt og HSÍ ætlar að halda áfram með þetta



verkefni. Í Borganesi var handboltahelgi að frumkvæði þeirra þar og HSÍ kom að því og heppnaðist það mjög vel, að sögn Guðmundar. Sambandið var líka með samskonar æfingar á Suðurnesjum. Þar var að vísu mjög erfitt að komast inn í íþróttahúsin. Þau voru alveg full bókuð en HSÍ fékk tíma í Garðinum og var þar með handbolta í vetur og vonast til þess að halda því starfi áfram.

Handknattleikssambandið hélt skólamót í apríl 2023 og Guðmundur var afskaplega stoltur af því hversu vel það heppnaðist. Þetta var skipulagt eftir fyrirmynd frá því í gamla daga. Guðmundur hélt að eldri þingfulltrúar myndu kannski eftir því að í gamla daga var keppt bæði í bekkjarkeppnum og skólakeppnum í handbolta. Mótið í ár var undir umsjón Jóns Gunnlaugs Viggóssonar og Ingu Lilju Lárusdóttur, formanns fræðslunefndar. Vægt til orða tekið, sagði Guðmundur, þá tókst mótið alveg frábærlega. Um 120 lið skráðu sig, spilað var í Víkinni og Safamýrinni og mikið af krökkum komu til að fylgjast með og hvetja sína skóla áfram. Talið er að um 1000 manns hafi mætt á mótið, bæði sem þátttakendur og sem áhorfendur. HSÍ ætlar sér að halda áfram að útfæra þetta og vonast til að geta farið í önnur sveitarfélög, til dæmis haldið mót fyrir norðan. Þá vonast sambandið til að geta þróað þetta í staðbundin mót með skólaúrslitakeppni sem haldin væri um helgi.

Handknattleikssamband Íslands hefur stöðugt ýtt á gerð þjóðarhallar og Guðmundur sagði frá þeim gleðitíðindum að á síðasta ári komust ríki og borg að samkomulagi um byggingu þjóðarhallar sem samkvæmt markmiðinu á að vera tilbúin árið 2025. Guðmundi fannst það nú full metnaðarfullt en jafnframt ánægjulegt að samstaða hafi náðst um verkefnið. Það virtist vera mikill vilji hjá ríki og borg um að koma þessu til leiða. Reiknað er með að þjóðarhöllin taki um 8.600 manns í sæti. Fyrir þá sem þekkja til í Brándheimi í Noregi sagði Guðmundur að höllin þar væri notuð sem fyrirmynd. Með slíkri höll myndu möguleikar Íslands á að vera þátttakendur í að halda stórmót aukast til muna. Mögulega væri þá hægt að halda riðlakeppni, hvort sem það væri á Heimsmeistaramóti eða í Evrópukeppni. Slíkt yrði mikil lyftistöng fyrir íslenskan handbolta. Guðmundur upplýsti þingfulltrúa um það að framkvæmdanefndin væri búin að marka þá stefnu að þjóðarhöllin rísi á bak við Laugardalshöll og verði þá með tengingu bæði við Laugardalshöll og frjálsíþróttahúsið. Guðmundur viðurkenndi að hann hefði ákveðnar efasemdir um að þetta væri rétt staðsetning en ætlaði þó ekki að skipta sér af því þannig að það leiði til þess að verkefnið komist ekki á koppinn. Honum finnst þó meira viðeigandi að byggja norðanmegin í dalnum þannig að það gefist meiri möguleikar á stækkun hússins og meiri umgjörð í kringum það. Þannig væri kannski hægt að skapa leigutekjur og tryggja rekstrargrundvöll hússins. Hann sagði að stjórn HSÍ ætti eftir að taka þetta samtal við framkvæmdarnefndina en það myndi þó ekki standa á þeim að vera á bak við það að þjóðarhöllin rísi sem allra, allra fyrst.

Rekstur sambandsins gekk vel á árinu, að sögn Guðmundar. Hagnaður var um 42 milljónir króna þó að það hafi kannski ekki verið markmiðið. Það hafi byggst á mikilli vinnu og að fá aðila til samstarfs. Mikill tími fór í það, bæði að viðhalda og að reyna að fá nýja samstarfsaðila. Guðmundur sagðist halda að um 70% af tekjum sambandsins kæmu frá samstarfsaðilum. Þá fékk HSÍ styrk vegna Covid sem skipti mjög miklu máli. Guðmundur áréttaði að styrkurinn væri vegna peninga sem sambandið var búíð að greiða. Ríkið væri sem sagt að endurgreiða auka kostnað vegna Covid. Þá minnti Guðmundur þingfulltrúa á að sambandið hefði reynt að



einsetja sér að lækka kostnað landsliðsmanna í yngri landsliðum og HSÍ hefði tekist að lækka það hlutfall á árinu. Hann sagði að Arnar gjaldkeri færi betur yfir þetta seinna á þinginu en vildi koma því á framfæri að markmið HSÍ væri að þau sem væru valin í landslið Íslands þyrftu ekki að bera mikinn kostnað við þá þátttöku, og helst enga. Það væri verkefni næstu ára að ná þessu markmiði að fullu.

Að lokum upplýsti Guðmundur Þingfulltrúa um að einn stjórnarmaður myndi hætta í stjórn, hann Jón Viðar sem hefur haft markaðsmálin á sinni könnu, og að það væri sjálfkjörið í nýja stjórn. Jón Viðar færi þó ekki langt því að hann tæki sæti í markaðsnefndinni. Nýr maður í stjórn væri Davíð Lúther Sigurðsson, sem hefur mikla reynslu af markaðsnefndinni. Guðmundi fannst síðasta starfsár hafa gengið nokkuð vel og stjórnin væri alltaf að læra. Formannafundirnir væru gríðarlega mikilvægir til að heyra í félögunum og hvernig hægt væri að gera betur. Þar væru málin rædd og komist að niðurstöðu. Guðmundur þakkaði formönnum félaganna fyrir það samstarf. Þá þakkaði hann stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á árinu og óskaði handboltanum góðs gengis.

66. ÁRSPING HSÍ



Skýrsla stjórnar HSÍ Þingskjal I



Skýrsla stjórnar HSÍ

Þegar við lítum yfir síðastliðið starfsár er óhætt að segja að okkar íþróttagrein hafi verið mikið í sviðsljósinu og oftast nær á jákvæðum nótum hvort sem horft er til umfjöllunar um landslið eða árangur félagsliða.

Þá höfum við komið ýmsu í verk sem hefur verið á stefnuskrá okkar undanfarin ár og er það oft kraftaverki líkast hver afraksturinn er á ekki stærri skrifstofu en við höfum. Óhætt er að segja að þar leggjast allir á eitt við að klára þau verkefni sem upp koma. Þakka ég öllu starfsfólki vel unnin störf.

Eitt af helstu verkefnum sambandsins, þess utan að sjá um deildarkeppnir, landslið og fræðslustarf, er útbreiðsla handboltans. Okkar hlutverk er að hjálpa félögum að fjölga iðkendum og hvernig á að minnka brottfall. Þetta sameiginlega verkefni er ekki einfalt enda hefur það marga snertifleti. Það snýr að sýnileika, jákvæðri umfjöllun og innra starfi félaga.

Undanfarin ár höfum við unnið í að skoða stöðu kvenna í handbolta og þá helst hvernig við getum styrkt stöðu kvennaboltans. Vð þurfum að nýta okkur kannanir á viðhorfum stúlkna til handbolta og nálgast viðfangsefnið út frá því en ekki er víst að beita skuli sömu nálgun og gagnvart dregnum.

Hér skiptir sýnileiki líka máli – fyrirmyndir og árangur félagsliða og landsliða, en við sjáum marktæka aukningu í iðkun ef vel gengur hjá landsliðum.

Við höfum í þessu skyni fjölgað yngri landsliðum um tvö kvenna megin til að ýta undir áhugann en við höfum aldrei telt fram fleiri landsliðum í yngriflokkum en einmitt á þessu starfsári.

Marktæk jákvæð þróun hefur verið hjá kvennalandslíðinu undanfarin ár og nú má segja að kvennaliðið sé í dauðafæri að komast á stórmót á næsta ári og ef það tekst þá mun það sannarlega vera lyftistöng í uppbyggingu kvennaboltans.

Nú fyrir þinginu er tillaga um að spila kvennaboltann í einni deild. Skiptar skoðanir eru um þetta eins og áður. Vissulega mun það auka líkur á að félög fái meiri tækifæri og tíma til að byggja upp lið en á móti þá verða gæði á æfingum og keppni að einhverju leyti minni.

Karlalandsliðið stóð sig einnig með ágætum á starfsárinu þó svo að niðurstaðan á HM hafi verið ákveðin vonbrigði. Liðið hefur nú tryggt sér sæti á EM í janúar og bindum við vonir um góðan árangur. Guðmundur Guðmundsson lét af störfum sem landsliðsþjálfari en sambandið og þjóðin öll á honum mikið að þakka fyrir hans frábæra framlag til handboltans á sl. 23 árum. Guðmundur hefur þjálfað liðið með Gunnar Magnússon sér við hlið í um 14 ár af síðastliðnum 20 og náð besta árangri sem íslenskt landslið hefur náð, silfur á Ólympíuleikum og 3ja sæti á EM. Það er okkar verkefni þessa dagana að fylla hans skarð.

Sýnileiki handboltans snýst annars vegar um umfjöllun á netmiðlum og hins vegar í sjónvarpi. Við höfum verið undanfarin ár í samstarfi við Stöð 2 sem hefur gengið vel. Nú horfum við til þess sem viðbóta að koma upp myndavélum í öllum íþróttahúsum þar sem við getum sýnt á netinu frá öllum leikjum m.a. í yngriflokkum og teljum við að það geti verið einn þáttur í útbreiðslu handboltans. Við fylgjumst vel með örri þróun á þessum markaði og vonumst til að geta framkvæmt þetta þegar á næsta keppnistímabili en það er nú í skoðun.

Varðandi aðra umfjöllun á netmiðlum þá hafa stærstu miðlarnir fjallað mikið um handbolta en ekki er hægt að láta hjá líða að nefna netmiðilinn handbolti.is þar sem Ívar Benediktsson hefur af mikilli



ástríðu haldið úti umfjöllun um handbolta á hnefanum einum saman og á hann miklar þakkir skyldar fyrir það.

Á síðastliðnu ári settum við okkur markmið að koma á æfingum í nágrannasveitarfélögum við höfuðborgina, og einblíndum á Suðurnes og Vesturland.

Á Akranesi héldum við æfingar á sunnudögum fyrir börn 8-12 ára í samstarfi við Íþróttabandalag Akraness. Æfingar gengu vel undir stjórn Ingvars Ákasonar. Um 70 krakkar mættu að staðaldri. Nýtt íþróttahús er í byggingu á Akranesi og er von okkar að við getum aðstoðað við að hefja þar reglulegar æfingar í haust en mikill áhugi er innan ÍA um að svo geti orðið. Einnig var haldin handbolta helgi í Borgarnesi sem tókst mjög vel og vonandi náum við að festa rætur í þessum tveimur sveitarfélögum.

Þá hófum við einnig hafið samskonar starf á Suðnesjum þar sem við vorum með æfingar í Garðinum sem tókust einnig mjög vel. Við vonumst til að halda því starfi áfram en mjög erfitt er að komast inn í íþróttahúsin sem eru fullbókuð. En sjáum hvað setur.

Sem hluti af útbreiðslu var komið á fót skólamóti í handbolta að fyrirmynd frá eldri tíð þegar bæði voru haldnar bekkjarkeppnir og skólakeppnir í handbolta. Þetta mót var nú haldið í fyrsta sinn í apríl í umsjón Jóns Gunnlaugs Viggóssnar og Ingu Lilji Lárusdóttur formanns fræðslunefndar og tókst það mjög vel til þó vægt sé tekið til orða. Um 120 lið tóku þátt þar sem leikgleðin og baráttu vilji fyrir hönd sinna skóla var mikill. Við munum halda áfram að útfæra verkefnið með það að markmiði að gefa skólum úti á landi einnig tækifæri til þátttöku og þá svæðisbundið og halda síðan veglega úrslitakeppni í framtíðinni.

Ríki og borg komust á árinu að samkomulagi um byggingu þjóðarhallar með það að markmiði að hún verði tilbúinn á árinu 2025 sem eru gleðitíðindi. Markmiðið er metnaðarfullt en jafnframt ánægjulegt að samstaða hafi náðst um verkefnið sem við höfum barist fyrir nú í meira en áratug. Þjóðarhöll með rúmlega 8.000 þúsund sæti gefur okkur mörg tækifæri m.a. til að halda stórmót í samvinnu við aðrar þjóðir. Bæði verður það lyftistöng fyrir handboltann sem og allt íþróttastarf í landinu.

Rekstur sambandsins var góður og skilaði sambandið rekstrarhagnaði upp á 42 milljónir króna. Byggist það á mikilli vinnu m.a. með því að fá aðila til samstarfs og er um 70% af öllum okkar tekjum í gegnum samstarfsaðila. Á árinu fengum við styrki frá ríki vegna Covid og það ber að þakka en hafa verður í huga að þeir styrkir sem við fengum voru einungis vegna aukins kostnaðar sem við þurftum að bera vegna faraldursins.

Ágætu þingfulltrúar ég held að við getum verið stolt af starfi okkar á sl. ári ekki bara vegna þeirra atriða sem hér hafa verið upp talinn heldur höfum við sýnt að handboltinn stendur traustum fótum hér á landi og getum við óhrædd tekist á við áskoranir sem margir töldu að væru ófærar. Það hefur Valur sýnt með sinni frammistöðu með þátttöku í Evrópukeppni og ekki bara með frábærum árangri á vellinum heldur hafa forráða menn Vals sýnt okkur að þetta er hægt og eiga þau mikið hrós skilið fyrir alla umgjörð og hvernig þeir hafa staðið að rekstri. Það á að vera okkur hinum hvatning til að gera betur, það er allt hægt ef við stöndum saman við að gera íþróttina okkar enn betri.

A landslið karla og kvenna

Strákarnir okkar tóku þátt á HM í Svíþjóð í janúar og enduðu þar í 10. sæti. Þar setti grátlegt tap gegn Ungverjum í riðlakeppninni stórt strík í reikninginn og eftir tap gegn heimamönnum í milliriðli var ljóst að liðið kæmist ekki í 8-liða úrslit. Áhugi landsmanna liðinu hefur sjaldan eða aldrei verið meiri og var ævintýrlegt að fylgjast með íslensku stuðningsmönnum bæði í Kristianstad og í Gautaborg. Eins mátti greina mikinn áhuga hér heima, treyjusala hefur aldrei verið meiri og skrifstofa HSÍ hafði vart



undan við að svara símtölum þar sem fólk vildi tryggja sér miða á leiki liðsins. Þó svo að árangurinn hefið mátt vera betri þá byggir liðið á sterkum grunni og verður spennandi að fylgjast með því á næstu stórmótum.

Guðmundur Guðmundsson lét af störfum eftir HM og þeir Gunnar Magnússon og Ágúst Jóhannsson tóku við liðinu tímabundið. Fyrsta verkefni þeirra voru tveir leikir gegn Tékkum nú í mars, eftir slæmt tap á útivelli þá snéru strákarnir taflinu við í síðari leiknum og skiluðu 9 marka sigri. Þegar þessi orð eru skrifuð bíða lokaleikir riðilsins og með eðlilegum úrslitum í þeim blasir efsta sætið í riðlinum við liðinu.

A landslið kvenna lék sl. haust í forkeppni fyrir HM 2023 og þar unnust tveir góðir sigrar gegn Ísrael, þau úrslit tryggði liðinu umspilsleiki um laust sæti á HM og drógust stelpurnar okkar gegn geysisterku liðið Ungverja. Í þeim leikjum sýndu stelpurnar að þær eru á réttri leið með sinni leik, léku tvo frábæra leiki þar sem úrslitin réðust í raun ekki fyrr en á lokamínútunum en þó voru það Ungverjar sem höfðu sigur.

Arnar Pétursson hefur verið á góðri siglingu með liðið og verður fróðlegt að fylgjast með liðinu í komandi undankeppni fyrir EM en dregið var í þá keppni nú á dögum og er ljóst að íslenska liðið á fína möguleika að komast á EM 2024.

Handknattleiksfól ársins var valið í desember, að þessu sinni voru valin þau Ómar Ingi Magnússon (Magdeburg, Þýs) og Sandra Erlingsdóttir (TuS Metzingen, Þýs). Í framhaldinu völdu Samtök íþróttafréttamanna Ómar Inga Magnússon sem íþróttamann ársins annað árið í röð. Við viljum óska Ómari og Söndru til hamingju með þessa titla, þau eru vel að þeim komin.

Yngri landslið

U-20 árs landslið karla hafnaði í 11. sæti á EM í Portúgal og U-18 ára landsliðið hafnaði í 10. sæti á EM í Svartfjallalandi. Þessar niðurstöður tryggðu liðinum sæti á HM nú í sumar og verður fróðlegt að fylgjast með framgangi liðanna þar.

U-18 ára landslið kvenna náði 8. sæti á HM í N-Makedóníu en að er besti árangur íslensk kvennalandsliðs á HM. Stúlkurnar eiga hrós skilið fyrir sögulega árangur og verður fróðlegt að fylgjast með þeim í lokakeppni EM nú í sumar. U-17 ára landslið kvenna lék á Opna Evrópumótinu í Svíþjóð, þar endaði liðið í 13. sæti en litlu mátti muna að liðið hefði komist í eftri hluta keppninnar.

Íslandsmót - OLÍS og Grill66 deildirnar

Eins og undanfarin ár er OLÍS samstarfsaðili HSÍ þegar kemur að Íslandsmótunum í meistaraflokki.

Keppnistímabilið 2022 – 2023 er leikið í 12 liða deild karlamegin með tvöfaldri umferð og átta liða úrslitakeppni og falla tvö lið. Í neðri deildum var svo leikið í bæði 1. og 2. deild og hefur liðum fjölgað mikið með tilkomu ungmennaliða þó viljum við sjá fleiri ný félög hefja leik í deildarkeppninni. Í kvennadeildinni var leikið í tveim deildum, 8 lið voru í úrvalsdeild kvenna þar sem 6 fóru í úrslitakeppni, 1 féll og 1 fór í umspili um sæti í deildinni á næsta ár. Í Grill 66 deild kvenna léku 9 lið, 1 fer beint upp í úrvalsdeild en lið 2-4 leika í umspili um laust sæti á næsta keppnistímabili.

Stöð 2 Sport sá um útsendingar frá Olísdeildunum þar sem sýndir voru leikir úr öllum umferðum deildarinnar auk þess sem uppgjörþættir voru á dagskrá eftir hverja umferð. Vísir fylgdi sjónvarpsumfjölluninni eftir með greinargóðum fréttum á vef sínum þar sem einnig mátt sjá fjölmargar



myndbandsklippur úr leikjum. Morgunblaðið, mbl.is og RÚV hafa einnig staðið sig vel í sinni umfjöllun, þá má ekki gleyma hlaðvörpum en þau voru þónokkur með regluþætti um handknattleik.

Annað keppnistímabilið í röð hefur Ívar Benediktsson starfrækt vefinn handbolti.is, þar má finna vandaða umfjöllun um handknattleik bæði hér heima og erlendis. Molakaffið hjá Ívari er fastur liður í netlestri áhugamanna um handknattleik og á Ívar hrós skilið fyrir sín störf við vefinn.

Powerade bikarinn

Bikarkeppni HSÍ fékk nýtt nafn á árinu þegar samið var við CCEP um að Powerade yrði styrktaraðili keppinnar. Bikarvikan færðist aftur í Laugardalshöll og er óhætt að segja að þar hafi verið mikil hátíð þegar karlalið Aftureldingar og kvennalið ÍBV tryggðu sér bikarmeistaratitilinn nú mars. Við óskum báðum félögum til hamingju með árangurinn.

Samstarfsaðilar

Sambandið vil þakka þeim samstarfsaðilum sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar í ár, á því byggist reksturinn og er stuðningurinn ómetanlegur bæði fyrir HSÍ sem og handboltahreyfinguna.

Skýrsla dómaranefndar

Starfið í vetur

Starfsmaður dómaranefndar á skrifstofu HSÍ var Magnús Kári Jónsson og er honum þakkað fyrir gott samstarf í vetur.

Líkt og áður fer starf dómaranefndar að mestu fram í gegnum tölvupóst og síma en auk þess átti formaður í góðum samskiptum við skrifstofu HSÍ. Helstu verkefni dómaranefndar hafa verið með svipuðu sniði og undanfarin ár; umsjón með niðurröðun dómara, fundir með deildadómurum og eftirlitsmönnum, skipulagning dómaranámskeiða, samskipti við þjálfara og félög auk ýmissa minni verkefna. Námskeið fyrir ritara og tímaverði var þó með öðru sniði en undanfarin ár og er komið inná það síðar í skýrslunni.

Undirbúningur og haustfundur

Undirbúningur hófst strax sl. vor þegar starfsmaður og formaður dómaranefndar sóttu fund í Vín þar sem kynntar voru breytingar á leikreglum. Í framhaldi var gefin út ný íslensk útgáfa af leikreglunum þar sem breytingar höfðu verið uppfærðar.

Haustfundur dómara og eftirlitsmanna fór fram laugardaginn 27. ágúst á Selfossi og er Selfyssingum þakkað sérstaklega fyrir hjálpina. Þar var sérstök áhersla lögð á nýjar leikreglur auk þess sem farið var yfir áherslur vetrarins, að venju voru líka tekin þrekpróf. Janúarfundur fór fram 24. janúar, eins og áður var þessi fundur nýttur til að fara yfir hvernig dómgæslan hafði gengið á tímabilinu og hvað mætti betur fara. Á báðum fundum voru dómarar og eftirlitsmenn teknir í skriflegt regluþróf.

Áherslur vetrarins

Í ár snéru flestar áherslur vetrarins að breytingum á leikreglum og má segja að þær hafi komið mjög vel út og lítið sem ekkert um mál sem hafi komið upp vegna þessara breytinga.



Alþjóðlegir dómarmar og eftirlitsmenn

Anton Gylfi Pálsson og Jónas Elíasson hafa dæmt fjölmarga leiki í Meistaradeild Evrópu auk landsleikja í vetur eins og undanfarin ár. Sl. sumar dæmdu Svavar Ólafur Pétursson og Sigurður H. Þrastarson á EM U-19 ára landsliða karla við góðan orðstýr en í framhaldinu hafa þeir fengið stærri og betri verkefni en áður utan landsteinanna, bæði í Evrópudeildinni auk landsleikja.

Árni Snær Magnússon og Þorvar Bjarmi Harðarson eru skráðir sem EHF canditade referees frá Íslandi og bíða nú þess að geta klárað sín réttindi til að geta talist EHF dómarmar. Þeir hafa undanfarin misseri dæmt mikið í Olísdeildum karla og kvenna sem og tekið þátt í young referee project á vegum EHF. Þeir eiga að vera vel undir það búnir að taka næsta skref á sínum dómaraferli.

Fjórir alþjóðlegir eftirlitsmenn eru starfandi hér á landi og fengu þeir allir þó nokkur verkefni utan landsteinanna á árinu, flest á Norðurlöndunum. Auk þess hefur Hlynur Leifsson verið tilnefndur af EHF til að verða alþjóðaeftirlitsmaður og sækir nú á vormánuðum námskeið sem tryggir þau réttindi.

Alþjóðlegir dómarmar HSÍ:

Anton Gylfi Pálsson	EHF
Jónas Elíasson	EHF
Sigurður H. Þrastarson	EHF
Svavar Ó. Pétursson	EHF
Árni Snær Magnússon	EHF candidate
Þorvar Bjarmi Harðarson	EHF candidate

Alþjóðlegir eftirlitsmenn HSÍ:

Guðjón L. Sigurðsson	EHF
Kristján Halldórsson	EHF
Ólafur Örn Haraldsson	EHF
Reynir Stefánsson	EHF
Hlynur Leifsson	(sækir sér réttindi til EHF á vormánuðum)

Fjöldi deildadómara og sektir

Hvert félag skal útvega tvo dómara fyrir hvert meistaraflokkslið sem skráð er til keppni (að U liðum undanskildum). Aðeins þrjú félög ná tilskyldum fjölda dómara. Eins og undanfarin ár þá greiða félögin milljónir króna í sektir vegna skorts á dómurum, sektirnir einar og sér virðast ekki duga til að sýna félögunum fram á mikilvægi þess að ala upp dómara.

Á töflu hér fyrir neðan má sjá fjölda dómara í félögum sem skráð eru til leiks í Íslandsmótinu.

Félag:	Eiga að tilnefna:	Hafa útnefnt:
Afturelding	4	1
FH	4	3
Fjölnir	2	3
Fjölnir/Fylkir	2	1
Fram	4	8
Gróttta	4	0
Haukar	4	1



HK	4	3
ÍBV	4	1
ÍR	4	3
KA	2	1
KA/Þór	2	0
Kórdrengir	2	0
Selfoss	4	4
Stjarnan	4	3
Valur	4	2
Víkingur	4	0
Þór Ak	2	1
Félög utan deilda		4

Samtals:	60	39
----------	----	----

Dómaranefnd 2020-2021

Kristján Gaukur Kristjánsson, formaður

Gísli Hlynur Jóhannsson

Kristín Aðalsteinsdóttir

Reynir Stefánsson

Dómarar og eftirlitsmenn

Alls voru starfandi 39 dómarar og 14 eftirlitsmenn í vetur sem er svipuð tala og undanfarin ár. Einhverjar breytingar hafa orðið á hópnum, bæði hafa menn helst úr lestinni og nýir dómarar komið inn. Það er ánægjulegt að sjá 5 nýja dómara í vetur, þeir hafa fengið tækifæri bæði í 2. deild karla og Grill66 deildunum.

Ingvar Guðjónsson dómari og fyrrverandi EHF/IHF dómari lét af störfum í vetur að eigin ósk eftir nærri 30 ár sem deildardómari á vegum HSÍ, er honum þökkuð vel unnin störf í þágu hreyfingarinnar.

Starfandi deildadómarar HSÍ:

Anton Gylfi Pálsson - Jónas Elíasson

Aron Daði Hauksson - Arnar Gauti Egilsson

Arnór Jón Sigurðsson - Magnús Ólafur Björnsson

Árni Snær Magnússon - Þorvar B. Harðarson

Árni Þór Þorvaldsson - Drengur Arnar Kristjánsson

Bergur Snorrason - Erik Snær Elefsen

Bjarki Bóasson - Gunnar Óli Gústafsson

Bjarni Viggósson - Jón Karl Björnsson

Bogdan Ana - Guðbjörn Ólafsson

Bóas Börkur Bóasson - Hörður Aðalsteinsson

Eypór Jónsson - Leó Snær Róbertsson

Hekla Daðadóttir - Ricardo Xavier

Hörður Kristinn Örvarsson - Jón Örvar Kristinsson



Magnús Kári Jónsson - Ómar Örn Jónsson
Ingvar Guðjónsson - Sigurjón Þórðarson
Ólafur Víðir Ólafsson – Vilhelm Gauti Bergsveinsson
Siguróli Magni Sigurðsson - Sævar Árnason
Ramunas Mikalonis - Þorleifur Árni Björnsson
Sigurður H. Þrastarson - Svavar Ó. Pétursson
Hallgrímur Jónasson

Eftirlitsmenn HSÍ:

Gestur Guðrúnarson
Gísli H. Jóhannsson
Guðjón L. Sigurðsson
Hlynur Leifsson
Ingvar Guðjónsson
Jóhannes Runólfsson
Kristján Halldórsson
Kristján Gaukur Kristjánsson
Kristín Aðalsteinsdóttir
Ólafur Örn Haraldsson
Reynir Stefánsson
Sigurður Egill Þorvaldsson
Sindri Ólafsson
Valgeir Egill Ómarsson

Ritara og tímaverðir

Námskeið fyrir ritara og tímaverði var með öðrum hætti en undanfarin ár vegna nýrrar skráningu á leikskýrslum í gegnum HB ritara. Í stað hefðbundins námskeiðs var haldið HB ritara námskeið í haust þar sem farið var yfir helstu atriði í skráningu í forritinu. Eflaust þarf að taka námskeið ritara og tímavarða til endurskoðunar í haust með tilliti til HB ritara.

Í lok keppnistímabils

Það er ánægjulegt að sjá nokkur félög hafa tekið við sér þegar kemur endurnýjun á deildadómurum nú í vetur, bæði höfum við fengið til starfa nýja menn í dómgæslu auk þess sem nokkrir aðilar sem höfðu lagt flautuna á hilluna er byrjaðir aftur. Þó er rétt að hafa í huga að dómarahópurinn hefur elst undanfarin ár og endurnýjunin þarf að ganga vel til þess að hægt sé að koma upp nýjum þörum í Olís deildirnar.

Dómaranámskeið undanfarin ár hafa byggt á góðun grunni frá forvera mínum í starfi þar sem yngri iðkendur hafa fengið góða kynningu á dómarahlutverkinu og réttindi til að dæma í 5. - 8. flokki. En nú er komið að því að bæta við og uppfæra þá menntun sem við höfum uppá að bjóða, markmiðið er að gera það með því að koma B- og C-stigs námsskeiðum í góðan farveg, með bóklega hlutann í fjarnámi auk þess að hafa verklegan hluta þar sem félögin geta þróað sína dómara í yngri flokka leikjum yfir veturinn í samstarfi við dómaratengiliði félaganna. Þetta verða okkur stóru verkefni í sumar og næsta vetur.



Í lok vetrar finnst mér rétt að minnast á þá umræðu sem stundum hefur orðið um dómara eftir leiki í vetur. Handbolti er mjög hraður leikur sem erfitt er að dæma, ákvarðanir eru fjölmargar á hverri mínútu og eðlilega verða mistök hjá dómurum eins og öðrum þátttakendum leiksins. En sú umræða sem stundum á sér stað eftir leiki um dómara og störf þeirra getur verið meiðandi, jafnvel svo að dómarar hafa látið af störfum og fundið sér eitthvað betra að gera. Gagnrýnum á uppbyggilegan hátt, dómarar hafa tilfinningar alveg eins og leikmenn og þjálfarar. Við megum ekki við því að missa fólk frá okkur, reynum frekar að vinna saman að því að gera dómgæsluna betri.

Fyrir hönd dómaranefndar HSÍ,

Kristján Gaukur Kristjánsson

Skýrsla landsliðsnefndar karla

Eftirtaldir skipuðu landsliðsnefnd karla:

Páll Þórólfsson (formaður)
Daði Hafþórsson
Gunnar Andrésson
Markús Máni Michaelsson

Landsliðsþjálfarar

- A landslið karla: Guðmundur Guðmundsson, Gunnar Magnússon og Ágúst Þór Jóhannsson
- U-21 árs landslið karla: Einar Andri Einarsson og Róbert Gunnarsson
- U-19 ára landslið karla: Heimir Ríkarðsson og Einar Jónsson
- U-17 ára landslið karla: Heimir Örn Árnason og Stefán Árnason
- U-16 ára landslið karla: Haraldur Þorvarðarson og Ásbjörn Friðriksson
- Hæfileikamótun: Jón Gunnlaugur Viggósson

Markvarðaðþjálfarar

- Gísli Guðmundsson, Magnús Ingi Stefánsson, Hreiðar Leví Guðmundsson, Aron Rafn Eðvarðsson, Hlynur Morthens og Jóhann Ingi Guðmundsson

Læknar og sjúkrateymi

- A landslið karla:
 - Læknar: Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarsson
 - Sjúkraþjálfarar: Jón Birgir Guðmundsson og Elís Þór Rafnsson
- Yngri landslið karla:
 - Sjúkraþjálfarar: Kári Árnason, Jón Gunnar Kristjánsson og Adam Snær Jóhannesson

Liðsstjórar

- A landslið karla: Guðni Jónsson
- U-21 árs landslið karla: Kjartan Vído Ólafsson
- U-19 ára landslið karla: Hlynur Morthens



Helstu verkefni og áherslur

Það var mikið húllumhæ í Kristianstad í janúar þegar strákarnir okkur hófu leik á HM, þvílíkt stuð og stemmingu hefur undirritaður aldrei séð þegar íslenskt handboltalið spilar á erlendri grundu og voru eftirvæntingarnar í samræmi við það. Eftir sigur gegn Portúgal í fyrsta leik voru Ungverjar næstir í röðinni en eftir frábærar 45 mínútur í þeim leik hrundi leikur liðsins á lokakaflanum og tapaðist leikurinn á afar sorglegan hátt. Liðið vann skyldusigur gegn S-Kóreu í þriðja leik riðlakeppninnar en ljóst að erfitt yrði að komast uppúr milliriðlinum með tap á bakinu. Eftir tap gegn Svíum í milliriðli var ljóst að íslenska liðið myndi ekki komast í 8-liða úrslit keppninnar þrátt fyrir tvo góða sigri og hafði liðið því lokið keppni. Það voru vonbrigði að komast ekki lengra í mótinu en það er stutt á milli í keppni þeirra bestu. Sérsvaitin og stuðningsmenn íslenska liðsins eiga þakkar skildar fyrir magnaða frammistöðu allt mótið, stuðningurinn úr stúkunni var magnaður og vakti athygli bæði hér heima og úti í heim. Guðmundur Guðmundsson þjálfari A landsliðs karla lét af störfum eftir mótið og eru honum færðar bestu þakkar fyrir sitt starf undanfarin ár.

Í mars léku strákarnir okkar heima og heima gegn Tékkum í undankeppni EM, Gunnar Magnússon og Ágúst Þór Jóhannsson tóku við liðinu til bráðabirgða og stýra því út apríl. Eftir slæmt tap í fyrri leiknum lék liðið á alls oddi fyrir framan fullt hús áhorfenda í Laugardalshöll og vann síðari leikinn með 9 markum. Þau úrslit setja liðið í góða stöðu fyrir lokaumferðir riðilsins en liðið leikur gegn Ísrael og Eistlandi nú í lok apríl.

U-20 ára landslið karla lék í EM í Portúgal sl. sumar þar sem liðið endaði í 11. sæti, U-18 ára landslið karla lék á EM í Svartfjallalandi og endaði í 10. sæti. Bæði lið tryggðu sér sæti á HM nú í sumar með þessum árangri sem verður að teljast viðunandi en þó viljum við setja markið hærra þegar kemur að þessum mótum og sjá liðin okkar enda meðal átta efstu. Auk þessara lokamóta hafa yngri liðin einnig tekið þátt í mótum víðsvegar um Evrópu auk vináttulandsleikja.

Það er gaman að sjá starfið okkar vera aftur komið á fullan snúning eftir erfiðaleika undanfarin 2 ár vegna heimsfaraldurs. Íþróttalífið hefur tekið við sér á nýjan leik og spennandi hlutir framundan í starfi landsliðanna okkar. Næst á dagskrá hjá okkur er að tryggja sigur í undanriðli fyrir EM og svo í framhaldinu að undirbúa liðið sem best fyrir EM í Þýskalandi í janúar nk. Ég efast ekki um að okkar dyggu stuðningsmenn fylgi okkur þangað og láti heyra í sér á pöllumum.

Leikir mót og úrslit

A landslið karla

Undankeppni EM 2024, 10. - 16. október. Fyrsti hluti undankeppninnar þar sem íslenska liðið lék tvo leiki. Báðir leikir unnust sannfærandi og í annað skiptið í röð var fullt á heimaleik Íslands að Ásvöllum. 18 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

12. okt.	Ásvellir	Ísland - Ísrael	36-21
15. okt.	Eistland	Eistland - Ísland	25-37

Vináttuleikir í Þýskalandi, 6. - 9. janúar. Tveir leikir gegn heimamönnum, undirbúningur fyrir HM í Svíþjóð. Báðir leikirnir voru jafnir og spennandi, fyrri leikurinn vannst með einu marki en sá síðari tapaðist. 17 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

07. jan.	Þýskaland	Þýskaland - Ísland	30-31
08. jan.	Þýskaland	Þýskaland - Ísland	33-31



HM í Svíþjóð, 10. - 23. janúar. Íslenska vann 2 leiki af 3 í riðlakeppninni sem setti liðið í erfiða stöðu í milliriðli þar sem sigur þurfti á móti heimamönnum til að komast áfram í 8-liða úrslit keppinnar. Strákarnir okkar reyndu sitt besta en allt kom fyrir ekki og því hafnaði liðið í 10. sæti á mótinu. Tap á móti Ungverjum í riðlakeppninni reyndist dýrkeypt á síðari stigum í keppninni en íslenska liðið hafði þann leik í hendi sér í 45 mínútur. 18 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

12. jan.	Svíþjóð	Ísland - Portúgal	30-26
14. jan.	Svíþjóð	Ísland - Ungverjaland	28-30
16. jan.	Svíþjóð	Suður Kórea - Ísland	25-38
18. jan.	Svíþjóð	Grænh.eyjar – Ísland	30-40
20. jan.	Svíþjóð	Ísland - Svíþjóð	30-35
22. jan.	Svíþjóð	Brasilía - Ísland	37-41

Undankeppni EM 2024, 6. - 13. mars. 3. og 4. umferð í keppninni, íslenska liðið náði sér aldrei á strik í Tékklandi þar sem sóknarleikurinn liðsins var í molum. En góður 9 marka sigur fyrir fram fulla Laugardalshöll skilaði liðinu fyrir ofan Tékkka í riðlakeppninni á betra innbyrðismarkatölu og því góðar líkur á sigri í riðlinum sem skilar liðinu í ofar í styrkleikaröðun fyrir EM. 17 leikmenn og 8 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

08. mar.	Tékkland	Tékkland - Ísland	22-17
12. mar.	Laugardalshöll	Ísland - Tékkland	28-19

U20 ára landslið karla

Opna Norðurlandamótið, 27. júní – 1. júlí. Undirbúningsmót fyrir EM á móti þremur sterkur liðum. Tveir sigrar og eitt jafntefli og niðurstaðan var 2. sætið í mótinu, Svíar voru efstir á markamun. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

28. jún.	Noregur	Svíþjóð - Ísland	35-35
29. jún.	Noregur	Noregur - Ísland	24-25
30. jún.	Noregur	Ísland - Danmörk	30-25

EM í Portúgal, 5. – 18. júlí. Eftir óvænt tap gegn Ítalíu í riðlakeppninni var ljóst að íslenska liðið myndi spila um 9. – 16. sæti í mótinu. Liðið lék vel síðari hluta keppinnar og með sigri í 3 af síðustu 4 leikjunum var 11. sætið í höfn (af 16 liðum) auk þátttökuréttis á HM næsta sumar. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

07. júl.	Portúgal	Ísland - Serbía	28-28
08. júl.	Portúgal	Ítalía - Ísland	27-26
10. júl.	Portúgal	Þýskaland - Ísland	35-27
12. júl.	Portúgal	Svartfjallaland - Ísland	28-41
13. júl.	Portúgal	Ísland - Króatía	33-20
15. júl.	Portúgal	Slóvenía - Ísland	37-35
16. júl.	Portúgal	Ísland - Ítalía	45-34

Vináttuleikir í Frakklandi, 9. - 12. mars. Tveir leikir gegn heimamönnum í Amiens. Strákarnir okkar unnu frábæran 9 marka sigur í fyrri leiknum en töpuðu þeim síðari með minnsta mun. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

10. mar.	Frakkland	Frakkland - Ísland	24-33
11. mar.	Frakkland	Frakkland - Ísland	33-32



18 ára landslið karla

Nations Cup í Þýskalandi, 29. júní - 3. júlí. 4 liða mót í Lubeck í Þýskalandi, undirbúningur fyrir EM síðar um sumarið. Strákarnir okkar töpuðu tveim leikjum en unnu einn og enduðu í 3. sæti. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í þessa ferð.

30. jún.	Þýskaland	Noregur - Ísland	32-29
01. júl.	Þýskaland	Holland - Ísland	28-39
02. júl.	Þýskaland	Þýskaland - Ísland	34-32

Vínáttuleikir í Færeyjum, 22. – 25. júlí. Áframhaldandi undirbúningur fyrir EM, tveir leikir gegn heimamönnum í Þórshöfn. Fyrri leikurinn tapaðist en sá síðari endaði með jafntefli. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

23. júl.	Færeyjar	Færeyjar – Ísland	33-39
24. júl.	Færeyjar	Færeyjar – Ísland	29-29

EM í Svartfjallalandi, 2. – 15. ágúst. Eftir góðan sigur í fyrsta leik fylgdu tvö töp þannig að strákarnir okkar léku um 9.-16. sæti í mótinu. Eftir góða sigra í milliriðli lék íslenska liðið gegn nágrönnum okkar í Færeyjum um 9. sætið en sá leikur tapaðist eftir háspennuleik. Íslenska liðið endaði í 10. sæti af 16 og tryggði sæti á HM á næsta ári auk EM eftir 2 ár. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

04. ágú.	Svartfjallaland	Ísland - Pólland	38-25
05. ágú.	Svartfjallaland	Ungverjaland - Ísland	30-23
07. ágú.	Svartfjallaland	Þýskaland - Ísland	35-31
09. ágú.	Svartfjallaland	Ísland - Svartfjallaland	30-29
10. ágú.	Svartfjallaland	Ítalía - Ísland	28-34
12. ágú.	Svartfjallaland	Ísland - Slóvenía	30-29
13. ágú.	Svartfjallaland	Ísland - Færeyjar	27-29

Sparkassen Cup í Þýskalandi, 26. – 30. desember. Strákarnir unnu alla sína leiki í riðlakeppninni og eftir sigur á N-Makedóníu beið úrslitaleikur á móti Þjóðverjum. Eftir æsispennandi leik stóðu leikar jafnir og réðust því í vítakastkeppni þar sem heimamenn höfðu betur. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

27. des.	Þýskaland	Ísland - Egyptaland	32-27
28. des.	Þýskaland	Ísland - Saar	24-18
28. des.	Þýskaland	Sviss - Ísland	27-33
29. des.	Þýskaland	Ísland - N-Makedónía	30-27
29. des.	Þýskaland	Þýskaland - Ísland	20-20 (22-20 e. vítakeppni)

17 ára landslið karla

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Slóvakíu, 23. - 31. júlí. Mót sem hafði verið frestað um eitt sumar vegna Covid-19, drengir fæddir 2005 tóku þátt að þessu sinni en þó vantaði sterkustu leikmennina þar sem þeir léku með U-18 ára landsliðinu á EM síðar um sumarið. Íslenska liðið vann tvo sigra gegn sterkum þjóðum en tapaði 3. Niðurstaðan var því 6. sæti af 8 þjóðum. 15 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu móti.

25. júl.	Slóvakía	Króatía - Ísland	26-35
26. júl.	Slóvakía	Ísland - Danmörk	20-30



27. júl.	Slóvakía	Spánn - Ísland	34-25
29. júl.	Slóvakía	Slóvenía - Ísland	23-26
30. júl.	Slóvakía	Spánn - Ísland	32-29

Tournoi Pierre Tiby í Frakklandi, 3. – 7. nóvember. Fyrsta verkefni þessa hóps saman, þrír leikir gegn sterkum þjóðum. Leikirnir töpuðust allir en mikilvæg reynsla fyrir strákana. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

04. nóv. Frakkland	Frakkland - Ísland	37-28
05. nóv. Frakkland	Króatía - Ísland	33-21
06. nóv. Frakkland	Ísland - Ungverjaland	32-33

16 ára landslið karla

Vináttuleikir í Færeyjum, 10. – 13. júní. Tveir leikir í Þórshöfn gegn heimamönnum, strákarnir okkar unnu góða sigra í báðum leikjum. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

11. jún.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	21-34
12. jún.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	22-25

Hæfileikamótun HSÍ

Hæfileikamótun HSÍ fór fram helgarnar 6. - 7. nóv og 21. - 23. janúar. Þar æfðu strákar og stelpur fædd 2008 og fengu þar smjörþefinn af því hvernig er að vera í landsliði. Auk æfinga fá leikmenn fyrirlestra um afreksmanninn og allt sem honum tengist. Hæfileikamótun HSÍ mun halda áfram í maí mánuði og verða æfingar 14. - 15. maí og svo fer hópurinn á Laugarvatn 27. - 28. maí.

Handboltaskóli HSÍ

Handboltaskóli HSÍ og hefur verið starfsræktur í yfir 25 ár og fór fram fyrstu helgina í júní. Þar eru 4 drengir og 4 stúlkur frá hverju félagi boðaðar á æfingar og æfa þar undir æfingu þjálfara HSÍ. Eftir að hafa tekið þátt í handboltaskóla HSÍ er hæfileikamótun HSÍ næsta skref í þróun landsliðsmanna.

Fyrir hönd landsliðsnefndar karla,

Páll Þórólfsson, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Eftirtaldir skipuðu landsliðsnefnd kvenna:

Guðríður Guðjónsdóttir (formaður)
 Ásta Björk Sveinsdóttir
 Brynja Ingimarsdóttir
 Halldóra Ingvarsdóttir
 Margrét Berg Theodórsdóttir



Landsliðsþjálfarar

- A landslið kvenna: Arnar Pétursson, Ágúst Þór Jóhannsson og Hlynur Morthens
- U19 ára landslið kvenna: Ágúst Þór Jóhannsson og Árni Stefán Guðjónsson
- U17 ára landslið kvenna: Raket Dögg Bragadóttir og Sigurjón Friðbjörn Björnsson
- U16 ára landslið kvenna: Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir
- U15 ára landslið kvenna: Díana Guðjónsdóttir og Jón Brynjar Björnsson
- Hæfileikamótun: Jón Gunnlaugur Viggósson

Markvarðarþjálfarar

- Gísli Guðmundsson, Íris Björk Símonardóttir og Jóhann Ingi Guðmundsson

Læknir og sjúkrarþjálfarar

- A landslið kvenna:
 - Læknir: Jóhann Róbertsson
 - Sjúkrarþjálfarar: Ágústa Sigurjónsdóttir, Særún Jónsdóttir, Tinna Jökulsdóttir og Jóhanna Björk Gylfadóttir.
- Yngri landslið kvenna:
 - Sjúkrarþjálfarar: Andrea Þórey Hjaltadóttir, Silja Rós Theodórsdóttir og Þorvaldur Skúli Pálsson

Liðsstjórar

- A landslið kvenna: Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir
- U19 ára landslið kvenna: Guðríður Guðjónsdóttir
- U17 ára landslið kvenna: Halldóra Ingvarsdóttir
- U16 ára landslið kvenna: Brynja Ingimarsdóttir

Helstu verkefni og áherslur hjá nefndinni

- Að skapa öllum landsliðunum sem besta umgjörð
- Samhæfð þjálfun allra kvennalandsliða
- Auka umfjöllun og markaðsetja kvennahandbolta
- Vera sýnilegri í fjölmiðlum
- Halda áfram góðu samstarfi við HR vegna styrktarmælinga allra landsliða.

Mót, leikir og úrslit:

A landslið kvenna

Vínáttuleikir gegn Færeyjum, 28. – 31. október. Undirbúningur fyrir tvo leiki gegn Ísrael í nóvember, stelpurnar okkar unnu tvo góða sigra. 16 leikmenn og 6 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

29. okt. Færeyjar	Færeyjar - Ísland	23-28
30. okt. Færeyjar	Færeyjar - Ísland	22-27

Forkeppni HM 2023, 1. – 7. nóvember. Fyrsti hluti leiðarinnar á HM 2023 var gegn Ísrael og voru báðir leikirnir spilaðir hér heima. Stelpurnar okkar unnu tvo sannfærandi sigra og greinilegt að liðið var á réttri leið fyrir framhaldið. 18 leikmenn og 7 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.



5. nóv.	Ásvellir	Ísland - Ísrael	34-26
6. nóv.	Ásvellir	Ísrael - Ísland	23-33

Vínáttuleikir gegn Noregi, 1. – 5. mars. Undirbúningur fyrir umspilsleikina gegn Ungverjum, fengum B lið heimsmeistara Noregs í heimsókn. Þar voru meðal annars leikmenn sem voru í norska hópnum á seinasta stórmóti í bland við unga og stórefnilega leikmenn. Íslenska liðið lék mjög vel í þessum leikjum, vann fyrri leikinn og var með forystu í 45 mínútur í þeim síðari sem þó endaði með tapi. 18 leikmenn og 6 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

2. mar.	Ásvellir	Ísland - Noregur	31-26
4. mar.	Ásvellir	Ísland - Noregur	26-29

Umspil um sæti á HM 2023, 6. – 13. apríl. Tveir leikir gegn geysisterku liði Ungverja um laust sæti á HM næsta haust. Stelpurnar okkur léku sína bestu leiki gegn mjög sterkum andstæðinum, stelpurnar okkar léku frábæran bolta í báðum leikjum og héldu jöfnu við Ungverja allt þar til að lokamínútunum en í báðum leikjunum voru það atvinnumennirnir frá Ungverjalandi sem höfðu betur. 16 leikmenn og 7 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

8. apr.	Ásvellir	Ísland - Ungverjaland	21-25
12. apr.	Ungverjaland	Ungverjaland - Ísland	34-28

18 ára landslið kvenna

HM í Makedóníu, 28. júlí - 11. ágúst. Vegna stríðsátaka í Úkraínu fékk íslenska liðið úthlutað sæti á mótinu eftir góðan árangur sumarið 2021. Í fyrsta leik unnu stelpurnar okkar frábærum sigur gegn Svíum og fylgdu því svo eftir með því að vinna riðilinn. Eftir tvo sigra í milliriðli var íslenska liðið komið í 8-liða úrslit en sá leikur endaði með eins marks tapi í æsispennandi leik. Liðið endaði í 8. sæti af 24 þjóðum en þetta er besti árangur yngri landsliða kvenna í stórmóti. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

30. júl.	N-Makedónía	Svíþjóð - Ísland	17-22
31. júl.	N-Makedónía	Ísland - Svartfjallaland	18-18
02. ágú.	N-Makedónía	Alsír - Ísland	18-42
03. ágú.	N-Makedónía	Ísland - Íran	28-17
05. ágú.	N-Makedónía	Ísland - N - Makedónía	25-22
07. ágú.	N-Makedónía	Ísland - Holland	26-27
08. ágú.	N-Makedónía	Ísland - Frakkland	29-32
10. ágú.	N-Makedónía	Ísland - Egyptaland	33-35

Vínáttuleikir í Tékklandi, 2. – 5. mars. Vínáttuleikir gegn heimakonum, eftir jafnan og bráðskemmtilegan fyrri leik voru það heimakonur sem unnu með einu marki. Í síðari leiknum voru það Tékkar sem unnu sannfærandi sigur. Nokkra leikmenn vantaði í íslenska liðið þar sem þær höfðu verið valda í A landsliði sem lék á sama tíma gegn Norðmönnum og því fengu aðrar tækifæri í þessu verkefni. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

03. mar.	Tékkland	Tékkland - Ísland	29-18
04. mar.	Tékkland	Tékkland - Ísland	26-25



16 ára landslið kvenna

Opna Evrópumótið í Svíþjóð, 3. – 9. júlí. Fyrsta stórmótið hjá stúlkum í þessum aldursflokki, eftir jafntefli gegn Norðmönnum í fyrstu leik komu tveir tapleikir og lendi íslenska liðið því í neðri hlutanum. Þar unnust góðir sigrar og endaði íslenska liðið í 13. sæti eftir 3 sigra, 2 jafntefli og 2 töp.

16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

04. júl.	Svíþjóð	Noregur - Ísland	20-20
04. júl.	Svíþjóð	Ísland - Portúgal	16-19
05. júl.	Svíþjóð	Ísland - Pólland	12-21
06. júl.	Svíþjóð	Eistland - Ísland	10-27
06. júl.	Svíþjóð	Ísland - Lettland	17-17
07. júl.	Svíþjóð	Ísland - Færeyjar	22-19
08. júl.	Svíþjóð	Finnland - Ísland	23-24

Vínáttuleikir í Tékklandi, 2. – 5. mars. Vínáttuleikir gegn heimakonum, stelpurnar okkar náðu sér því miður ekki á strik í þessum leikjum og niðurstaðan tvö slæm töp. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

03. mar.	Tékkland	Tékkland - Ísland	29-18
04. mar.	Tékkland	Tékkland - Ísland	28-14

Hæfileikamótun HSÍ

Hæfileikamótun HSÍ fór fram helgarnar 6. - 7. nóv og 21. - 23. janúar. Þar æfðu strákar og stelpur fædd 2008 og fengu þar smjörþefinn af því hvernig er að vera í landsliði. Auk æfinga fá leikmenn fyrirlestra um afreksmanninn og allt sem honum tengist. Hæfileikamótun HSÍ mun halda áfram í maí mánuði og verða æfingar 14. - 15. maí og svo fer hópurninn á Laugarvatn 27. - 28. maí.

Handboltaskóli HSÍ

Handboltaskóli HSÍ og hefur verið starfsræktur í yfir 25 ár og fór fram fyrstu helgina í júní. Þar eru 4 drengir og 4 stúlkur frá hverju félagi boðaðar á æfingar og æfa þar undir æfingu þjálfara HSÍ. Eftir að hafa tekið þátt í handboltaskóla HSÍ er hæfileikamótun HSÍ næsta skref í þróun landsliðsmanna.

Landsliðsnefnd

Nú er góðu handbolta ári að ljúka og því rétt að renna yfir farinn veg en það má með sanni segja að árið hafi verið viðburðaríkt hjá kvennalandslíðinunum.

Mikill stígandi hefur verið í leik A landsliðs kvenna, eftir misgóða leiki í undankeppni EM í fyrra hefur liðið vaxið með hverri raun og var virkilega gaman að fylgjast með þeim gegn leikjunum gegn Ungverjum í hér heima og úti í umspilinu um laust sæti á HM. Þar fer lið sem eingöngu er skipað atvinnumönnum í íþróttinni og var virkilega gaman að sjá stelpurnar okkar spila tvo góða leiki gegn stórbjóð í handbolta. Þetta lofar góðu fyrir framhaldið og gefur okkur ástæðu til að vera bjartsýn á framhaldið en undankeppni EM hefst í haust og þar eigum við að stefna á sæti á stórmóti í fyrsta sinn síðan 2012.

Síðastliðið sumar var sérstaklega eftirminnilegt fyrir árangur U-18 ára landsliðsins á HM í Norður-Makedóníu. Þær tryggðu sér 8. sætið á móti þeirra bestu og enduðu fyrir ofar á lista en margar



stórþjóðir. Þarna er stúlkur sem eru að stimpla sig inn í Ólísdeildina og verður afar fróðlegt að fylgjast með þeim næstu misseri, hvort sem er hér heima með félagsliðum og landsliðum en vonandi líka sem atvinnumenn í sportinu. Þá lék U-16 ára landsliðið á Opna Evrópumótinu í Svíþjóð þar sem þær enduðu í 13. sæti þrátt fyrir að hafa aðeins tæpa 2 leikjum í mótinu. Þær mega líka vera stoltar af sínum árangri.

Ekki má gleyma öllum æfingunum í yngri landsliðunum hér heima en landsliðsnefnd kvenna ásamt þjálfurum hefur unnið hörðum höndum að því að búa sem best að leikmönnum sem mæta á þær æfingar. Við berum miklar vonir til landsliðanna okkar og viljum að öllum líði sem best á æfingum og í keppni.

Alls voru 4 bókaðir fundir haldnir á árinu, auk þess sem nefndin hittist reglulega í undirbúning fyrir verkefni á árinu. Nefndin hefur verið í góðu sambandi við skrifstofu HSÍ og þjálfara allra landsliða.

Sérstakir þakkir til allra sem hafa hjálpað okkur og stutt á árinu, það er ómetanlegt að finna hjálpsemi og velvilja frá fólki í og í kringum handboltasamfélagið. Við vonumst til að fá okkur öll með næsta vetur, því við ætlum að tryggja okkur sæti á EM!

ÁFRAM ÍSLAND!

Guðríður Guðjónsdóttir, formaður landsliðsnefndar kvenna

SKÝRSLA MARKAÐSNEFNDAR HSÍ

Nefndina skipar Jón Viðar Stefánsson, Arna Sif Pálsdóttir og Björgvin Þór Rúnarsson en öll mál markaðsnefndar eru unnin með Róberti Geir Gíslasyni, framkv.stjóra HSÍ, og Kjartani Víðó Ólafssyni, markaðsstjóra HSÍ.

Nefndin hefur unnið náið síðasta ár með Hér og nú, auglýsingastofu HSÍ sem hefur veitt ráðgjöf er varðar hönnun og markaðssetningu á þeim herferðum og verkefnum sem HSÍ hefur leitað með til þeirra.

Helstu verkefni Markaðsnefndar HSÍ

Verkefni markaðsnefndar HSÍ eru fjölbreytt. Þar ber fyrst að nefna endurnýjun og gerð nýrra samstarfssamninga við samstarfsaðila.

Ásýnd HSÍ er markaðsnefndinni hugleikin og vinnur nefndin statt og stöðugt að því að bæta heildarímynd sambandsins.

Nýliðun skiptir hreyfinguna öllu máli og því hefur farið mikil orka í hvatningu til ungs fólks að koma að æfa handbolta. Við berjumst gegn brottfalli úr íþróttinni og hafa störf HSÍ undanfarið ár sýnt þann vilja sambandsins.

Samstarfsaðilar HSÍ

Mikill tími og orka fer í endurnýjun á samningum við samstarfsaðila HSÍ sem og gerð nýrra samninga.

Fjöldi samninga var endurnýjaður á árinu 2022 en stærsta verkefni nefndarinnar, framkvæmdastjóra og starfsfólks á skrifstofu var að fá nýjan aðalstyrktaraðila sambandsins og eftir mikla leit og vinnu



náðust samningar við Boozt, norrænan smásölurisa, sem verður að teljast fagnaðarefni fyrir sambandið.

Bikarkeppni HSÍ var án samstarfsaðila þegar bikarkeppnin hófst haustið 2022 en loks náðust samningar við CCEP á Íslandi eftir mikla vinnu þegar undirritaður var 3ja ára samningur og bikarkeppnin fékk nafnið Powerade bikarinn.

Það verða að teljast frábær tíðindi fyrir handboltann á Íslandi að samstarfsaðilar okkar hafa staðið með handboltahreyfingunni á Ísland, hafa fulla trú á verkefninu og þeim tengingum sem við höfum upp á á bjóða og undirritað nýja samstarfssmaninga. Flestir samstarfsaðila HSÍ í dag eru fyrirtæki sem hafa starfað náið með HSÍ í fjölda ára og flest verið í yfir áratug áberandi bakhjarlar HSÍ. Fyrir það erum við þakklát.

Komdu að æfa handbolta.

Markmiðið með áttakinu að fjölga iðkendum og sýna að allir hafi kost á að prófa handbolta hjá félagi í þínu nærumhverfi. Landsliðsfólk okkar og aðildarfélag HSÍ lögðu sitt lóð á vogaskálarnar og gerðar voru auglýsingar bæði fyrir sjónvarp og samfélagsmiðla sem keyrðar voru í janúar á meðan á HM í handbolta stóð yfir. Tókst þetta afar vel og með markvissri vinnu fjölgum við nýliðum í handbolta, ásamt því koma í veg fyrir brottfall. Yfir 15.000 smelltu á auglýsingarnar og fóru á lendarsíður aðildarfélaga þar sem æfingartími þeirra var auglýstur. Nettó kom að áttakinu og styrkti verkefnið myndarlega ásamt framlagi frá HSÍ.

Þessar tvær stóru herferðir náðu til 140.000 manns, (reach) með næstum því milljón í impressions og yfir 161.000 áhorf á myndböndin samanlagt.

Deildar og bikarkeppni.

Markaðssetning á Olís- og Grill deildunum og Powerade bikarnum er unnin í nánú samstarfi auglýsingastofum Olís og CCEP. Unnið er að endurnýjun sjónvarpssamninga um Olísdeildir karla og kvenna.

HM 2023.

Sýnileiki handboltans á Íslandi var, líkt og áður, mikill í janúar 2023 þegar HM fór fram í Svíþjóð og Póllandi. Mikil spennan var fyrir mótinu og voru kröfur á liðið okkar miklar.

Íslenskir stuðningsmenn fjölmenntu bæði til Kristianstad og Gautaborgar og voru yfir 2000 íslenskir stuðningsmenn á leikjum liðsins. Sérsvæitin, stuðningssveit HSÍ hélt utanum dagskrá stuðningsmanna fyrir leiki og hafa þau unnið frábært starf undanfarin ár og aukið til muna stuðnings og ásýnd stuðningsmanna Íslands.

Sem fyrr var áhorfið á leiki strákanna okkar mikið og er þetta þeir dagskrárliðir í sjónvarpi sem hvað mest áhorfa er á ár hvert. Auk mikillar umfjöllunar í okkar helstu fjölmiðlum gáfum við verulega í með fréttum af liðinu í gegnum samfélagsmiðla. Þetta tókst afar vel, enda mikið um fréttir og myndir frá mótinu og strákunum okkar sem fylgjendur sambandsins á samfélagsmiðlum tóku afar vel í.

Frítt á leiki A landsliðs kvenna

Síðustu tvö ár hefur HSÍ í samstarfi við sína stærstu bakhjarla boðið frítt á leiki A landsliðs kvenna. Hefur það haft þau áhrif að fjöldi áhorfenda á leikjum liðsins hefur batnað til muna og eru í kringum



1000 áhorfendur á heimaleikjum stelpnanna okkar. Stemningin hefur af sama skapi aukist til muna á leikjunum og munum við halda áfram að byggja á sömu umgjörð í kringum kvennalandsliðið í næstu verkefnum liðsins.

Samfélagsmiðlar HSÍ.

HSÍ hefur að skipa öflugum samfélagsmiðlum og á facebook er síða sambandssins mjög virk ásamt því að Stelpurnar okkar og Strákarnir okkar eru með sér síður. Twitter, Youtube og Instagram eru einnig öflugir miðlar sem sambandið notar mikið. Á HM 2023 setti sambandið kraft í samfélagsmiðlilinn TikTok og náðum við góðri dreifingu myndbanda þar inni. Það myndband sem náði hvað mestri athygli þar er með yfir 1.1 milljón í áhorf.

Það er stefna sambandsins að nýta samfélagsmiðla eins mikið og kostur er enda er það hluti í þeirri nýliðavinnu sem við stöndum í fyrir handboltann á Íslandi.

Fjölmiðlar.

HSÍ hefur átt í góðu samstarfi í fjölmiðla bæði er varðar verkefni landsliða, deildar- og bikarkeppnir sambandssins. Umfjöllun um handbolta hefur aukist til muna í fjölmiðlum á síðustu árum og hefur flóra þeirra miðla sem fjalla um handbolta stækkað mikið.

RÚV, Stöð2/Visir.is, Handbolti.is og Morgunblaðið fylgdu A landsliði karla á HM 2023 og hafa RÚV og Handbolti.is fylgt karla og kvenna landsliðunum okkar eftir í einstök verkefni erlendis á árinu.

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2022/2023

Kristín Þórðardóttir, formaður
Alfreð Örn Finnsson
Ágúst Karl Karlsson
Hjalti Þór Hreinsson
Þórarinn Þórarinsson

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd sbr. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Starfsmaður mótanefndar tímabilið 2022/2023 var Ólafur Víðir Ólafsson, hóf hann störf í ágúst 2022 og er honum þakkað fyrir vel unnin störf á tímabilinu.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Formaður og starfsmaður nefndarinnar eru einnig í virkum samskiptum í gegnum síma í kringum ákveðin mál ef þurfa þykir.

Málin sem mótanefnd fær inn á sitt borð eru af ýmsum toga en á tímabilinu 2022/2023 komu færri mál tengd framkvæmd leikja og leikmanna án samnings á borð hennar en áður sem er mjög ánægjulegt. Mörg málanna eru í gangi lengi en önnur eru afgreidd strax. Mismikil vinna fer í hvert mál, allt frá fáeinum símtölum og tölvupóstum, yfir í t.d. að taka út leikstaði.



Meistaraflokkar


Síðasta haust var töfludregið í allar deildir meistaraflokks, félögin höfðu svo, líkt og áður, tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri varðandi leikdaga og leiktíma. Starfsmaður mótanefndar fer síðan yfir athugasemdir félaganna ásamt óskum sjónvarpsrétthafa og aðlagar leikjaplanið samkvæmt því. Sérstök áhersla er lögð á að samþykkja breytingar sem gera félögunum kleift að bjóða upp á tvennur.


Íslandsmeistarar kvenna verða krýndir 25.maí og íslandsmeistarar karla 31.maí.

Deildakeppni karla

Í meistaraflokki karla sendu 18 félög inn lið til keppni sem er fækkun um eitt frá síðasta tímabili. Leikið var í Olís-deild karla, Grill 66-deild karla og 2. deild karla. Alls tóku 12 lið þátt í Olís-deild karla, 10 í Grill 66 deildinni, þar af 5 U-lið, og 7 lið í 2. deild karla, öll U-lið. Tvö félög, Berserkir og Vængir Júpíters, tóku ekki þátt í deildarkeppninni í ár en lið Víðis í Garði kom nýtt inn. Víðir lék að eigin ósk í 2.deild þrátt fyrir reglugerð sem kveður á að aðallið félaga hafi forgang yfir U-lið í Grill66 deildina. Það er mikið fagnaðarefni að félag af Suðurnesjum taki þátt í deildarkeppni eftir langt hlé. U-liðum fækkaði um 1 frá síðasta tímabili og tóku alls 11 U-lið frá 11 félögum þátt í deildarkeppni. Ekki var spilað Íslandsmót í 2. flokki líkt og undanfarin ár vegna þróunar U-liða.


Deildakeppni meistaraflokks karla 2022/2023 er lokið og var það lið Vals sem stóð uppi sem deildarmeistari Olís-deildarinnar, lið HK sigraði Grill 66-deildina og leikur því í efstu deild á næsta tímabili, og HK-U tryggði sér sigur í 2.deild karla. Lið Harðar og ÍR féllu úr efstu deild. Úrslitakeppni og umspil um laust sæti í Olís-deildinni er í fullum gangi.






Deildakeppni kvenna

Í meistaraflokki kvenna sendu 14 félög lið til keppni eins og á síðasta tímabili. Alls tóku átta lið þátt í Olís-deildinni og 9 í Grill 66 deildinni, þar af 3 U-lið, sem er fækkun um tvö lið frá síðasta Íslandsmóti. Deildarkeppninni meistarflokks kvenna er lokið og stóð lið ÍBV uppi sem deildarmeistari Olís deildarinnar og lið Aftureldingar sigraði Grill 66-deildina og leikur því í efstu deild á næsta tímabili. Lið HK féll hins vegar niður í 1.deild. Úrslitakeppni og umspil um laust sæti í Olís-deildinni er í fullum gangi.





Á tímabilinu hefur umræða um mótamál meistaraflokks kvenna haldið áfram frá síðasta tímabili og virðast skoðanir félagana áfram vera misjafnar í þeim efnum. Það má því allt eins búast við einhverjum breytingum tengdum mótafyrirkomulaginu á næstunni.

Almennt um mál mótanefndar

Mótanefnd fékk inn á sitt borð ýmis mál eins og undangengin ár. Í meistaraflokkum tengjast málin gjarnan umgjörð leikja hjá félögum, en í handbók um framkvæmd leikja sem félögin þurfa að taka mið af koma fram atriði sem mótanefnd og skrifstofa HSÍ fylgja eftir. Minna hefur verið um að mál af þessu tagi hafi komið inn á borð nefndarinnar á þessu tímabili sem bendir til þess að félögin séu að sinna umgjörðinni vel þó alltaf sé eitthvað sem má bæta. Breytingar á leikdögum t.d. vegna sjónvarpsleikja eða frestana vegna veðurs eru að sjálfsögðu hluti af vinnu mótnefndar. Eins þarf mótanefnd að skoða mál vegna ólöglegra leikmanna en nokkur mál komu inn á borð nefndarinnar þar sem leikmenn eru ekki með skráðan leikmannasamning. Flest ágreiningsmál sem komu inn á borð nefndarinnar voru tengdar frestunum leikja bæði í meistara- og yngri flokkum. Talsvert var um frestanir vegna veðurs eins og yfirleitt er og er óhjákvæmilegt að málum tengdum þeim fjölgi í takt við fjölgum liða af landsbyggðinni. Mikilvægt er að reglur tengdar frestunum leikja séu sem skýrastar og mun mótanefnd fara vel yfir þau mál fyrir næsta tímabil.

Formannafundir, bæði meistaraflokka og yngri flokka, hafa verið haldnir reglulega á tímabilinu og hafa allar ákvarðanir varðandi breytingar á mótahaldi verið ræddar þar í þaula áður en þær hafa komið til framkvæmda.

Sérstök nefnd um kvennahanbolta á Íslandi hefur verið starfrækt á árinu og vinnur hún að því markmiði að leita leiða til þess að fjölga iðkendum og minnka brottfall úr íþróttinni. Þrátt fyrir að nefndin tengist mótanefnd ekki á nokkurn hátt hefur talsverð umræða um mótafyrirkomulag skapast þar og ekki er ólíklegt að einhverjar tillögur um breytingar berist þaðan bæði þegar kemur að meistaraflokki og yngri flokkum.

Fjölíðamót

Fjölíðamót tímabilsins hafa gengið vel, tekist hefur að halda öll mót þrátt fyrir að fresta hafi þurft einu móti á Akureyri í haust vegna veðurs. Með frábærri samvinnu við félögin náðist að koma því móti á síðar.



Eftir miklar og góðar umræður síðastliðið vor og haust var ákveðið að setja á bikarmót í 5. og 6.flokki til viðbótar við Íslandsmótið. Bikarmótin voru leikin í janúar á meðan HM karla fór fram. Úrslitaleikir bikarmótanna voru síðan leiknir í Laugardalshöll um úrslitahelgi bikarkeppninnar. Almennt var mikil ánægja hjá félögunum með þessa nýbreytni og verður henni því líklega haldið áfram.

Nýjungar

Á tímabilinu 2022/2023 var tekið upp nýtt leikskýrslukerfi HB ritari þar sem leikskýrslan er unnin í tölvu samhliða þess sem leikurinn fer fram. Dómarar staðfesta svo skýrsluna að leik loknum og hún er send inn. Þessi breyting hefur haft mikla kosti í för með sér og má meðal annars nefna að úrslit skila sér sjálfvirk og miklu fyrir inn á heimasíðu auk þess sem líkur á að samningslaus leikmaður sé settur á skýrslu eru mjög litlar.

Einnig var sett upp tenging milli mótakerfis og sportabler og skila sér allir leikir yngri flokka þar inn auk þess sem nýtt mótakerfi, Torneopal, var tekið í notkun og notað fyrir mót í 5. og 6.flokki frá og með bikarmótunum í janúar. Á næsta tímabili munu öll mót 5.-8.flokks verða keyrð í Torneopal.

Að lokum má nefna að starfsmaður mótanefndar vinnur nú að því að gera ferli við gerð leikmannasamninga að fullu rafrænt og ætti það að vera komið í gagnid fyrir næsta tímabil.

Kristín Þórðardóttir, formaður mótanefndar HSÍ

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ

Þjálfaramenntun HSÍ

Öll þjálfaramenntun HSÍ er komin í fjarnám sem er mikið framfaraskref og höfum við fengið mjög jákvæð viðbrögð. Það skiptir ekki lengur máli hversu margir skrá sig við bjóðum alltaf upp á 1,2 og 3 stig.

1.stigi(6-8 flokkur) er grunnatriði íþróttarinnar kynnt og hvernig þau skal þjálf. Hér er reynt að hafa tengingar við íþrótafræði og koma íþrótafræðingar mikið að kennslu á þessu stigi. Uppbygging náms: Námið skiptist í almennan hluta (50%) og sérgreinahluta (50%). Námskeiðið er 120 kennslustundir, 60 í almenna hlutanum og 60 í sérgreina-hlutanum. ÍSÍ sér um almenna hlutann í sínu fjarnámi og þurfa þjálfarar að klára það nám til að teljast hafa lokið 1. stigi.

2.stig(3-5 flokkur). Miðast við að því að byggja á grunn leikmanna úr yngstu flokkunum, bæta við sérþjálfun eftir leikstöðum og svo í framhaldinu einföldu leikskipulagi í vörn og sókn. Einnig er komið inn á líkamlega þjálfun unglinga. Inntökuskilyrði: Lágmarksaldur 20 ár, skulu hafa lokið 1. stigi hjá HSÍ og ÍSÍ. Uppbygging náms: Námið skiptist í almennan hluta (33,3%) og sérgreinahluta (66,7%). Námskeiðið er 120 kennslustundir, 40 í almenna hlutanum og 80 í sérgreina-hlutanum. ÍSÍ sér um almenna hlutann í sínu fjarnámi og þurfa þjálfarar að klára það nám til að teljast hafa lokið 2. stigi.

3.stig námið kemur inn á alla þá þætti sem skipta máli í meistaraflokksþjálfun, ítarlega er farið í hvern þátt og lagt upp úr því að vera með hæfa fyrirlesara. Inntökuskilyrði: Lágmarksaldur 25 ára, skulu hafa lokið 2. stigi hjá HSÍ og ÍSÍ. Uppbygging náms: Námið skiptist í almennan hluta (33,3%) og sérgreinahluta (66,7%). Námskeiðið er 120 kennslustundir, 40 í almenna hlutanum og 80 í sérgreinahlutanum. ÍSÍ sér um almenna hlutann í sínu fjarnámi og þurfa þjálfarar að klára það nám til að teljast hafa lokið 3. stigi.

EHF Mastercoach gráða

19 þjálfarar luku EHF Mastercoach námi núna í janúar 2023. Mastercoach er æðsta gráða þjálfaramenntunar í alþjóðlegum handbolta í Evrópu og er þetta í annað sinn sem námskeiðið er haldið á Íslandi. Samtals hafa því 42 þjálfarar klárað EHF Mastercoach gráðuna frá því að HSÍ bauð fyrst upp á námskeiðið. Í júní á síðasta ári buðum við í fyrsta skiptið upp á námskeið þar sem þeir sem þurftu að endurnýja Mastercoach leyfið sitt gátu komið og framlengt sitt leyfi. Á meðal fyrirlesara voru Guðmundur Guðmundsson, Michael Apeltgren, Alfreð Gíslason og Dagur Sigurðsson. HSÍ vill þakka HR og EHF fyrir samstarfið í kringum Master Coach gráðuna og þjálfurunum til hamingju með að hafa lokið náminu.



Aðalsteinn Eyjólfsson, Andri Snær Stefánsson, Anton Rúnarsson, Arnór Atlason, Arnór Gunnarsson, Ásbjörn Friðriksson, Björgvin Páll Gústavsson, Einar Jónsson, Guðjón Valur Sigurðsson, Hannes Jón Jónsson, Haraldur Þorvarðarson, Heimir Örn Árnason, Jón Brynjar Björnsson, Kári Kristján Kristjánsson, Ólafur Stefánsson, Rákel Dögg Bragadóttir, Rúnar Kárasen, Snorri Steinn Guðjónsson og Örn Þrastarson.

Útbreiðsla

Í október á síðasta ári tók HSÍ þátt í heilsudögum í Snæfellsbæ með því að senda unglingalandsliðsþjálfara til að sjá um æfingarnar fyrir yngstu iðkendurnar. Það var því mikið gleðiefni þegar Víkingur Ólafsvík og Reynir á Hellisandi sendu sameiginlegt lið 6 fl kk yngri til að taka þátt í sínu fyrsta fjölíðamóti yngri flokka HSÍ. Víðir frá Garði sendi einnig í fyrsta skipti lið í 5 fl kk á fjölíðamót sem haldið var að Ásvöllum.

Í desember í fyrra stóð Viska Símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja fyrir námskeiði í handboltareglum fyrir einstaklinga með sérþarfir. Leiðbeinendur voru þeir Bergvin Haraldsson handknattleiksþjálfari og Sindri Ólafsson eftirlitsmaður og dómari á vegum HSÍ. Námskeiðið var í tveimur hlutum, annars vegar fór það fram á handboltaæfingu hjá Ægi íþróttafélagi fatlaðra í Vestmannaeyjum þar sem farið var yfir helstu grunnreglur í handbolta og gerðar æfingar til að auka meðvitund um reglurnar.

Seinni hlutinn fór fram á mjúkboltamóti sem haldið var með iðkendum Ægis og drengjum í 4. flokki ÍBV. Þar fengu leikmenn Ægis leiðbeiningar á meðan mótinu stóð og þótti takast vel til. Ægir er eina íþróttafélag fatlaðra á Íslandi sem heldur úti reglulegum handboltaæfingum en æfingarnar hafa staðið síðan í haust. Langtíma markmið Ægis er að senda lið til þátttöku á mótum erlendis.

Æfingar á Akranesi

HSÍ hóf í febrúar samstarf við ÍA og íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar um að halda kynningu á handbolta ásamt handboltaæfingum fyrir börn á grunnskólaaldri. Æfingarnar fóru fram í Íþróttahúsinu á Vesturgötu og var skipt í tvo aldurshópa 1 - 4 bekk og 5 - 8 bekk. Mætingin hefur verið frábær og hafa að jafnaði verið yfir 150 iðkendur á hverja æfingu. Kolbrún Helga Hansen og Ingvar Örn Ákason hafa haldið utan um æfingarnar.



Æfingar í Reykjanesbæ.

Það var svo sannarlega mikil stemmning þegar HSÍ var með kynningu á handbolta í mars síðastliðnum í Háaleitisskóla í Reykjanesbæ. Æfingarnar fóru fram á sunnudögum og voru fyrir tvo aldurshópa 1-4 bekk og 5-8 bekk.

Það voru reynsluboltarnir Logi Geirsson og Freyr Brynjarsson stjórnðu æfingunum og mætingin var algjörlega frábær.

Afreksmaður framtíðarinnar

Fyrirlestraröð HSÍ og HR fór fram 17. desember síðastliðinn en þangað mættu öll yngri landslið HSÍ. Fyrirlestraröðin er haldin tvisvar á ári og þar fá framtíðar landsliðsmenn okkar fræðslu um allt sem kemur við íþróttum. Birgir Sverrisson framkvæmdastjóri Lyfjaeftirlits Íslands fyrirlestur um Lyfjamál í íþróttum og síðan tók Logi Geirsson við með fyrirlesturinn sinn „Það fæðist enginn atvinnumaður“. Logi fór þar yfir markmiðasetningu, sjálfstraust, mataræði, mótlæti og hvað þarf að gera til að komast lengst sem atvinnumaður.

Einnig fóru fram mælingar á líkamlegri getu leikmanna yngri landsliða sem HR stóð fyrir.

Niðurstöðunum er safnað saman milli mælinga og geta því leikmenn yngri landsliða fylgst með eigin mælingum og líkamlegri getu sinni auk þess sem nemendur og starfsmenn HR geta nýtt tölurnar til rannsókna á íþróttasviði HR.

Samstarfs HSÍ og HR er báðum aðilum dýrmætt og nýtist jafnt í dag sem og til framtíðar.

Fyrsta Skólamót HSÍ

HSÍ stóð fyrir skólamóti í handknattleik í minnibolta 17-19 apríl síðastliðin en mótið var haldið í samstarfi við grunnskólana á höfuðborgarsvæðinu. Yfir 100 lið frá 25 grunnskólum tóku þátt í mótinu að þessu sinni. Leikið var í 5 og 6 bekk drengja og stúlkna. Það má áætla að á þremur dögum hafi hátt í 1.000 krakkar tekið þátt í mótinu með einum eða öðrum hætti.



17 og 18 apríl var leikið í riðlakeppni þar sem sigurliðin komust í úrslit sem leikin var 19 apríl.

24 lið komust áfram ýmist í 8 liða úrslit eða undanúrslit. Það var gríðarlega mikil stemming þegar úrslitaleikirnir fóru fram en fjölmargir grunnskólar heimiluðu heilu bekkjunum að mæta í rútu og styðja sín lið til sigurs. Trommur og söngvar ómuðu í íþróttahúsinu í Safamýri á meðan leikjum stóð.

Engidalsskóli stóð uppi sem sigurvegari í 5 bekk stúlkna eftir sigur á Sæmundarskóla 9-8 í æsisþennandi leik. Það var svo Hlíðaskóli sem bar sigur úr þýtum í 5 bekk drengja eftir sigur á Áslandsskóla 9-8.

Í 6 bekk stúlkna var það Breiðagerðisskóli sem sigraði Ingunnarskóla 8-7 og í 6 bekk drengja sigraði Engidalsskóli lið Hraunvallaskóla 15-12.

HSÍ óskar skólunum innilega til hamingju með titilinn "Skólameistari HSÍ 2023". Jafnframt þökkum við þeim fjölmörgu skólum sem tóku þátt í vel heppnuð skólamóti í ár.

Markvarðaskóli HSÍ

Í vetur eins og undanfarin ár hefur verið starfræktur Markvarðaskóli HSÍ

Markvarðateymi HSÍ hefur staðið fyrir opnum æfingum í Víkinni og hafa þær verið mjög vinsælar, að jafnaði mættu 20 – 25 markmenn.

Tilgangurinn er ekki einungis að taka góða æfingu heldur einnig að hittast, ræða málin og læra æfingar sem markverðirnir geta svo gert hjá sínu félagsliði.

Næstu verkefni

Stefnt er á frekari heimsóknir út á land með útbreiðslu handboltans í huga, bæði á staði þar sem handbolti er spilaður í dag og í bæjarfélög þar sem handbolti er ekki spilaður en við vitum af áhuga fólks til að koma æfingum af stað. Næst verður kynning og handboltaæfingar í Borgarnesi. Handknattleikur hefur nær eingöngu verið spilaður í stærstu bæjarfélögum landsins undanfarin ár en nú er kominn tími til að snúa vörn í sókn og breiða út boðskapinn á minni stöðum líka.

Fylgja þarf eftir æfingum á Akranesi og Reykjanesinu því það hefur verið mikil ánægja með æfingarnar. Vonumst við til að æfingarnar skili því að þau nái að senda yngri flokka til að keppa á Íslandsmótinu næsta haust.

Festa skólamót HSÍ á hverju ári og stækka það jafn og þétt. Stefnt er á að spila mótið á nokkrum stöðum víðs vegar á landinu og síðan verði 8 liða, 4 liða og úrslitin spiluð eina helgi.

Fyrir hönd fræðslu og útbreiðslunefndar,

Inga Lilja Lárusdóttir, formaður



11. Gjaldkeri leggur fram reikninga HSI

Þingforseti bauð Arnar Þorkelsson, gjaldkera HSI, velkominn upp í pontu til að gera grein fyrir reikningum sambandsins.

Arnar tók fram að venjan hjá honum á ársþingi væri að þýlja ekki upp mikið af tölum heldur gefa smá yfirsýn yfir rekstur sambandsins. Ársreikningurinn lá fyrir í þingskjölunum og Arnar bauð þingmönnum að spyrja ef það væru einhverjir sérstakir liðir. Arnar upplýsti þingfulltrúa um að ársreikningur sambandsins innihéldi rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi, og skýringar og sundurliðanir. Hagnaður sambandsins á síðasta ári var um 42 milljónir. Arnar sagði að þetta hafi verið langsamlega stærsta veltuár sambandsins. Veltan var um 411 milljónir króna samanborið við 290 milljónir árið fyrir Covid. En á sama tíma væru rekstrargjöld að hækka. Covid styrkurinn, sem Guðmundur minntist á í sinni ræðu, sýnir aðeins myndina, að sögn Arnars, vegna þess að hann er tilkominn vegna kostnaðar sem féll til á árunum 2020-2022.

Næst fór Arnar nánar yfir tekjuskiptinguna. Styrkir frá ÍSÍ og Lottó hækkuðu verulega á milli ára og afrekssjóður hækkaði um 20 milljónir króna frá fyrra ári. Arnar sagði það gríðarlega mikilvægt fyrir HSI að þessir fjármunir sem styrkja færu beint inn í afreksstarf sambandsins. Tekjur frá öðrum styrktaraðilum lækkuðu á milli ára en á árinu 2022 var lögð mikil vinna í að semja aftur við stærri styrktaraðila og gengið var frá því í ársbyrjun 2023. Þær tekjur munu því hækka aftur á næsta ársreikningi. Þá hækkuðu tekjur af landsleikjum milli ára. Arnar tók fram að það væri aðallega vegna þess að á árinu 2021 voru fáir landsleikir og lítil sala á landsliðstreyjum. Hækkunin á aðgangseyri nam um það bil 8 milljónum króna og um 12 milljónum króna á sölu á landsliðstreyjum. Tekjur af mótahaldi voru á pari við árið á undan. Aðrar tekjur hækkuðu hins vegar úr 53 milljónum króna upp í 130 milljónir króna. Það skýrist að mestu leyti af MasterCoach námskeiði (um 11 milljónir króna) sem haldið var á árinu, endurgreiðslum til landsliðsfólks í yngri landsliðum HSI (um 24 milljónir króna) og svo Covid styrknum (um 55 milljónir króna). Eins og áður hefur komið fram er markmið HSI að minnka kostnað sem leikmenn í yngri landsliðunum þurfa að greiða úr eigin vasa. Sambandið náði að minnka greiðsluhlutfall leikmanna úr 80% frá árinu áður niður í 60% á síðasta ári. Arnar útskýrði að þetta væri hlutfall af ferðakostnaði leikmanna og tæki ekki til þjálfarakostnaðar, húsaleigu og annars kostnaðar sem falli til við utan um hald afreksstarfs. Þá hafa einnig verið settar takmarkanir á ferðir, þannig að þegar ferðir eru verulega dýrar setur HSI þak á þær, að sögn Arnars. Það helsta sem var óvenjulegt varðandi tekjurnar á síðasta ári að mati Arnars var að liðurinn aðrar tekjur var óvenju hár. Oftast séu styrkir frá ÍSÍ og Lottó og svo styrkir frá öðrum styrktaraðilum helstu tekjustöðvar sambandsins.

Hvað kostnaðarliðina varðar hækkaði kostnaður landsliða um 233 milljónir króna á milli ára. Arnar sagði það skýrast af meira umfangi landsliðanna. Afreksstarfið á síðasta ári var það umfangsmesta sem HSI hefur verið með og á árinu 2023 verður það ennþá meira, sagði Arnar. Þá hafi hlotist töluverður kostnaður vegna Covid-ráðstafana á EM í Ungverjalandi og í undirbúningi fyrir mótið. Kostnaður við laun og launatengd gjöld stóð í stað á milli ára en mótakostnaður ásamt skrifstofu- og stjórnunarkostnaði hækkaði lítillega. Þar var meðal annars kostnaður vegna aukins markaðsstarfs sem sambandið fór í á síðasta ári. Hins vegar hækkaði annar rekstrarkostnaður töluvert á milli ára eða úr 3 milljónum króna í 16 milljónir



króna. Arnar sagði skýringuna vera vegna MasterCoach námskeiðsins og kaupa á landsliðstreyjum til sölu. Það er að segja tekjur sambandsins hækkuðu vegna MasterCoach námskeiðsins og síðan komi kostnaður vegna þess undir þennan lið. Þá væri kostnaðarverð buninganna, sem seldir voru til að afla tekna, einnig undir þessum kostnaðarlið.

Efnahagsreikningurinn sýndi að viðskiptakröfur um áramótin voru hærri en árið á undan. Arnar sagði að það væri vegna landsleikja og að félögin skuldi sambandinu meira. Í kringum áramótin var sala á búningum og miðasala vegna HM sem fór í gegnum HSÍ og sambandið átti útistandandi kröfur vegna þessa. Í sambandi við skuldir félaganna sagði Arnar að vissulega hefði rekstrarumhverfi félaganna verið erfitt en það væri mikilvægt að halda áfram að minna á að HSÍ hefði ákveðin úrræði til að beita gagnvart félögunum. Sambandið þyrfti að gæta jafnræðis á milli félaga og ef eitt félag stæði ekki í skilum við HSÍ og annað félag stæði í skilum upp á krónu, gætu félögin ekki starfað á jafnréttisgrundvelli. Arnar sagði að þetta hefði farið batnandi undanfarin ár en Covid hafi valdið smá afturför. Mörg félög væru þó í greiðslusamtölum við Róbert og það væri vel. Aðrar skammtímakröfur voru líka töluvert hærri en árið á undan. Aðalástæðan sagði Arnar að væri Covid-styrkurinn sem var tilkynntur í fyrra en kom ekki til greiðslu fyrr en í febrúar 2023. Handbært fé var tæpar 15 milljónir króna í lok árs og eignir á sama tíma voru samtals rétt rúmar 128 milljónir. Viðskiptaskuldir hækkuðu á milli ára en Arnar sagði að þær skuldir væru í skilum. Aðrar skammtímaskuldir hækkuðu líka og sagði Arnar að þetta væru að mestu leyti fyrirframgreiddar tekjur, ógreidd laun, ferðajöfnunarsjóður og vörslufé, þar sem HSÍ væri farið að sjá um greiðslumiðlun milli félaga og dómara.

Heilt yfir, sagði Arnar, að reksturinn væri í góðu jafnvægi og hann taldi að sambandið væri komið á þann stað fjárhagslega að hafa burði til þess að sigla lygnan sjó. Fjárhagsstaðan væri þannig að á næstu árum ætti takmark sambandsins að vera að reka sig í kringum núllið. Það hefði burði til þess að taka við tímabundnum skakkaföllum og jafna út þá sveiflur sem væru alltaf innan hvers árs. Auk þess gæti sambandið stutt betur við yngri landsliðin og fræðslu.

66. ÁRSPING HSÍ



Ársreikningur 2022
Þingskjal 2



Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur 2022

Handknattleikssamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík

kt. 590169-4049

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun uppgjörsaðila og skoðunarmanna	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Eiginfjárfirilit	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) hefur frá stofnun á árinu 1957 verið samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSí.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2022 að fjárhæð 42,1 m. kr. Eigið fé félagsins nam 63,8 m. kr. í árslok 2022 og heildareignir voru 128,5 m. kr. Stöðugildi á skrifstofu félagsins voru 6 í upphafi árs 2022 en 7 í lok árs.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2022 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2022.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. apríl 2023.

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Áritun uppgjörsaðila og skoðunarmanna

Til stjórnar Handknattleikssambands Íslands

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreiknings Handknattleikssambands Íslands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Handknattleikssambands Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Við höfum fylgt settum siðareglum, þar með talið hvað varðar heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkærni.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess. Framsetning hans er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenjur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Reykjavík, 21. apríl 2023.

Fjárstoð ehf.

Gunnar Þór Pálmason

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning þennan sem lagður er fram af stjórn félagsins og á hennar ábyrgð í samræmi við starfsskyldur hennar.

Við yfirferðina kom ekkert það fram sem bendir til annars en reikningsskilin séu í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

Reykjavík, 21. apríl 2023.

Rekstrarreikningur

	Skýringar	2022	2021
Styrkir frá ÍSí og Lottó	10	130.326	105.850
Styrkir frá öðrum styrktaraðilum	11	92.201	121.492
Tekjur af landsliðum	12	39.767	18.491
Tekjur af mótahaldi	13	18.683	20.188
Aðrar tekjur	14	130.203	52.873
Rekstrartekjur		411.181	318.894
 Kostnaður landsliða	15	(232.582)	(209.225)
Mótakostnaður	16	(35.743)	(30.461)
Laun og launatengd gjöld	17	(66.460)	(66.114)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	18	(18.915)	(15.098)
Annar rekstrarkostnaður	19	(15.525)	(2.956)
Rekstrarkostnaður		(369.225)	(323.855)
 Hreinar rekstrartekjur (rekstrargjöld)		41.956	(4.961)
 Fjármunatekjur	20	383	94
Fjármagnsgjöld	21	(278)	(924)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)		105	(830)
 Hagnaður (tap) ársins		42.060	(5.792)

Skýringar á bls. 7 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur	6, 22	38.971	26.550
Aðrar skammtímakröfur	23	74.716	16.000
Handbært fé	7, 24	14.794	2.947
Veltufjármunir samtals		128.481	45.497
Eignir samtals		128.481	45.497
Eigið fé og skuldir			
Óráðstafað eigið fé		63.794	21.734
Eigið fé samtals		63.794	21.734
Viðskiptaskuldir		47.603	13.444
Aðrar skammtímaskuldir	25	17.084	10.320
Skammtímaskuldir samtals		64.687	23.763
Eigið fé og skuldir samtals		128.481	45.497

Skýringar á bls. 7 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar 2022 til 31. desember 2022	Skýringar	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2022		21.734	21.734
Hagnaður ársins		42.060	42.060
Eigið fé 31. desember 2022		63.794	63.794

1. janúar 2021 til 31. desember 2021	Skýringar	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2021		27.525	27.525
Tap ársins		(5.792)	(5.792)
Eigið fé 31. desember 2021		21.734	21.734

Skýringar á bls. 7 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2022	2021
Hagnaður (tap) ársins		42.060	(5.792)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Gengismunur		194	904
Afskriftir rekstrarfjármuna		0	0
		42.255	(4.888)
Rekstrartengdar eignir, breyting		(71.331)	(10.949)
Rekstrartengdar skuldir, breyting		40.924	(5.946)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		11.847	(21.782)
Handbært fé í upphafi árs		2.947	24.729
Breyting handbærs fjár		11.847	(21.782)
Handbært fé í árslok		14.794	2.947

Skýringar á bls. 7 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið

Handknattleikssamband Íslands, hér eftir nefnt félagið, eru íslensk félagasamtök með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þeirra er að Engjavegi 6, Reykjavík.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni þann 21. apríl 2023.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarreikningsskilum.

Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

3. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

4. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sérstakar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis sins eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum myntum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi árslok 2022. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.

Gengi helstu gjaldmiðla þróaðist sem hér segir á árinu.

Gjaldmiðill	Myntkóti	Meðalgengi		Lokagengi	
		2022	2021	31.12.2022	31.12.2021
Evrá	EUR	142,329	150,189	151,500	147,600

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Færð er varúðarniðurfærsla til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

8. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

9. Skattamál

Félagið er ekki tekjuskattskyld en innheimtir virðisaukaskatt af veltu sem fellur undir skattskyldu virðisaukaskattslaga og greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum sínum.

Skýringar

Rekstrarreikningur

10. Styrkir frá ÍSí og Lottó

Styrkir frá ÍSí og Lottó sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Aftekssjóður	86.600	65.600
Ólympíusamhjálpin	7.940	0
Útbreiðslustyrkur	4.981	4.761
Aðrir styrkir	3.420	3.420
Lottó	27.384	32.069
Samtals	130.326	105.850

11. Styrkir frá öðrum styrktaraðilum

Styrkir frá öðrum styrktaraðilum sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Fastir styrkir	65.700	82.150
Aðrir styrkir	26.501	39.342
Samtals	92.201	121.492

12. Tekjur af landsliðum

Tekjur af landsliðum sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Auglýsingatekjur	16.086	15.112
Aðgangseyrir	9.337	1.666
Sala búninga	14.344	1.713
Samtals	39.767	18.491

13. Tekjur af mótahaldi

Tekjur af mótahaldi sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Mótagjöld	14.960	15.695
Sektir	3.723	4.493
Samtals	18.683	20.188

14. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Námskeið	11.893	880
Ferðastyrkir	24.397	21.539
Endurrukkaður ferðakostnaður yngri landsliða	24.964	19.018
Félagaskipti milli landa	11.448	9.258
Félagaskipti innanlands	1.740	1.896
COVID-19 stuðningur hins opinbera	54.702	0
Annað	1.060	282
Samtals	130.203	52.873

Skýringar

15. Kostnaður landsliða

Kostnaður landsliða sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Verktakagreiðslur til þjálfara	40.602	35.311
Þátttökugjöld og uppihald	30.125	12.287
Flug	50.990	46.725
Gisting	22.810	31.719
Bílaaleigubílar og akstur	8.497	4.694
Dagpeningar	7.624	9.417
Annar ferðakostnaður	2.158	1.904
Gisting og uppihald mótherja	12.881	9.069
Dómarar á landsleikjum	2.457	3.153
Annar kostnaður vegna landsleikja	13.877	11.057
Húsaleiga	2.716	1.641
Búningar	12.638	19.786
Sjúkrakostnaður og harpíx	15.339	16.916
Tryggingar	533	588
Annað	9.335	4.960
Samtals	232.582	209.225

16. Mótakostnaður

Mótakostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Dómgæsla og eftirlit	13.045	13.266
Annar kostnaður vegna mótahalds	22.698	17.195
Samtals	35.743	30.461

17. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Laun	52.075	51.738
Bírfreiðastyrikur	2.553	2.708
Mótframlag í lífeyrissjóð	7.030	6.985
Tryggingagjald	3.942	3.772
Önnur launatengd gjöld	859	912
Samtals	66.460	66.114
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu	5,5	5,5
Stöðugildi í árslok	7,0	6,0

18. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Húsaleiga vegna skrifstofu	3.857	3.506
Aðkeypt sérfræðipjónusta	301	273
Rekstur tölvukerfa	4.216	5.725
Sími og netkostnaður	1.270	1.139
Ferðakostnaður	2.726	1.307
Pappír, prentun og ritföng	47	97
Bækur, blöð og áskriftir	115	110
Starfsmannakostnaður	3.649	2.598
Markaðskostnaður	2.395	58
Gjafir og blóm	239	190
Tryggingar	89	85
Annað	13	10
Samtals	18.915	15.098

Skýringar

19. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Fræðslu- og nefndakostnaður	5.503	1.651
Hæfileikamótun - Handboltaskóli	1.641	407
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækja	828	451
Kaup á búningum	6.989	0
Annað	563	447
Samtals	15.525	2.956

20. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Vaxtatekjur	383	94
Samtals	383	94

21. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld sundurliðast sem hér segir:

	2022	2021
Fjármagnstekuskattur	84	21
Gengismunur	194	904
Samtals	278	924

Skýringar

Efnahagsreikningur

22. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur	39.106	26.685
Varúðarniðurfærsla	(135)	(135)
Samtals	38.971	26.550

Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

23. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Virðisaukaskattur	254	1.388
Fyrirframgreiddur kostnaður	8.604	13.996
Kortafyrirtæki	11.157	617
COVID-19 stuðningur hins opinbera	54.702	0
Samtals	74.716	16.000

24. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Bankainnstæður í íslenskum krónum	14.794	2.947
Bankainnstæður í erlendum myntum	0	0
Samtals	14.794	2.947

25. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Ógreidd laun og launatengd gjöld	3.631	2.872
Dómarakostnaður - vörslufé	2.312	1.330
Ferðajöfnunarsjóður	3.099	3.368
Fyrirframinnheimtar tekjur	8.042	2.750
Samtals	17.084	10.320



12. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis

Þingforseti bauð orðið laust til umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga.

Enginn kvað sér hljóðs.

Þingforseti bar skýrslu stjórnar undir atkvæði.

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar ársreikning undir atkvæði.

Ársreikningur var samþykktur samhljóða.

13. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ, þar með talin þátttökugjöld fyrir næsta starfsár

Þingforseti bauð Arnar Þorkelsson aftur velkominn upp í pontu til að kynna fjárhagsáætlun HSÍ, ásamt þátttökugjöldum, fyrir næsta starfsár.

Tillaga stjórnar var að þátttökugjöld fyrir næsta ár myndu haldast óbreytt frá fyrra ári. Arnar sagði þingfulltrúum frá þingsályktunartillögu frá KA um breytingu á ferðajöfnunarsjóði og að hún yrði tekin fyrir í nefndarstörfum síðar á þinginu. Að því gefnu hljóðaði fjárhagsáætlun stjórnar upp á að rekstrartekjur yrðu 365 milljónir króna og rekstrargjöld einnig 365 milljónir króna. Hagnaður fyrir fjármagnsliði yrði því óverulegur og áætlaður hagnaður sambandsins yrði um milljón krónur fyrir næsta ár. Arnar sagði það vera í samræmi við það sem hann fjallaði um fyrr á þinginu að sambandið hefði það takmark að vera rekið í kringum núllið á næstu árum. Þá væru óverulegar breytingar á milli liða en áætlað væri að kostnaður landsliða yrði áfram verulegur.

Þingforseti lagði til að fjárhagsáætlun á þingskjali 3 yrði vísað til fjárhagsnefndar.

Engar athugasemdir bárust.

Þingheimur samþykkti samhljóða að vísa umfjöllun um fjárhagsáætlun næsta árs til fjárhagsnefndar.

66. ÁRSPING HSÍ



Fjárhagsáætlun 2023 Þingskjal 3

66. ársþing HSI
Laugardaginn 30. apríl 2023

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2023

	Skýr.	2023 Áætlun	2022 Rauntölur	2022 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Styrkir frá ÍSÍ og Lottó	1	119.430.000	130.325.000	124.260.000
Styrkir frá öðrum styrktaraðilum	2	130.000.000	92.201.000	95.000.000
Tekjur af landsliðum	3	38.000.000	39.767.000	24.750.000
Tekjur af mótahaldi	4	19.000.000	18.683.000	19.500.000
Aðrar tekjur	5	59.000.000	130.204.000	45.500.000
Rekstrartekjur alls		365.430.000	411.180.000	309.010.000
REKSTRARGJÖLD				
Kostnaður landsliða	6	228.500.000	232.582.000	171.000.000
Mótakostnaður	7	36.000.000	35.743.000	31.500.000
Laun og launatengd gjöld	8	70.100.000	66.459.000	69.700.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	18.700.000	18.917.000	16.700.000
Annar rekstrarkostnaður	10	11.600.000	15.524.000	13.300.000
Rekstrargjöld samtals		364.900.000	369.225.000	302.200.000
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		530.000	41.955.000	6.810.000
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur	11	1.000.000	383.000	100.000
Fjármagnstekuskattur	11	-20.000	-84.000	-20.000
Gengismunur	11	-500.000	-194.000	-500.000
		480.000	105.000	-420.000
Hagnaður (tap) tímabilsins		1.010.000	42.060.000	6.390.000

Skýringar með fjárhagsáætlun

	2023 Áætlun	2022 Rauntölur	2022 Áætlun
1 Styrkur frá ÍSÍ og Lottó			
ÍSÍ afreksmannasjóður	82.600.000	86.600.000	86.600.000
ÍSÍ Ólympíufjölskyldan	3.500.000	7.940.000	7.500.000
ÍSÍ útbreiðslustyrkir	4.000.000	4.981.000	2.740.000
ÍSÍ aðrir styrkir	3.330.000	3.420.000	3.420.000
ÍSÍ Lottó	26.000.000	27.384.000	24.000.000
Framlög og styrkir alls	119.430.000	130.325.000	124.260.000
2 Aðrir styrkaraðilar			
Fastir styrkir	100.000.000	65.700.000	70.000.000
Aðrir styrkir	30.000.000	26.501.000	25.000.000
Aðrir styrkaraðilar alls	130.000.000	92.201.000	95.000.000
3 Tekjur af landsliðum			
Auglýsingar	15.000.000	16.086.000	12.000.000
Aðgangseyrir	7.000.000	9.337.000	5.500.000
Sjoppa landsleikir	0	0	250.000
Sala búninga	16.000.000	14.344.000	7.000.000
Tekjur af landsliðum alls	38.000.000	39.767.000	24.750.000
4 Tekjur af mótahaldi			
Mótagjöld	15.000.000	14.960.000	15.500.000
Sektir	4.000.000	3.723.000	4.000.000
Tekjur af mótahaldi alls	19.000.000	18.683.000	19.500.000
5 Aðrar tekjur			
Námskeið	2.000.000	11.893.000	6.500.000
Ferðastyrkir	20.000.000	24.397.000	16.000.000
Endurrukkaður ferðakostnaður yngri landslið	25.000.000	24.964.000	15.000.000
Félagaskipti milli landa	10.000.000	11.448.000	6.000.000
Félagaskipti innanlands	2.000.000	1.740.000	2.000.000
Annað	0	55.762.000	0
Aðrar tekjur alls	59.000.000	130.204.000	45.500.000
6 Kostnaður landsliða			
Verktakagreiðslur til þjálfara	50.000.000	40.602.000	36.000.000
Þátttökugjöld og uppihald	35.000.000	30.125.000	15.000.000
Flug	55.000.000	50.990.000	40.000.000
Gisting	15.000.000	22.810.000	22.000.000
Bílaleigubílar og akstur	5.000.000	8.497.000	3.500.000
Dagpeningar	8.000.000	7.624.000	10.000.000
Annar ferðakostnaður	1.500.000	2.158.000	1.500.000
Gisting og uppihald mótherja	10.000.000	12.881.000	6.500.000
Dómarar á landsleikjum	2.500.000	2.457.000	2.000.000
Annar kostnaður vegna landsleikja	10.000.000	13.877.000	7.500.000
Húsaleiga	3.000.000	2.716.000	1.500.000
Búningar	12.000.000	12.638.000	9.000.000
Sjúkrakostnaður og harpíx	15.000.000	15.339.000	10.000.000
Tryggingar	500.000	533.000	500.000
Annað	6.000.000	9.335.000	6.000.000
Kostnaður landsliða alls	228.500.000	232.582.000	171.000.000
7 Mótakostnaður			
Dómgæsla og eftirlit	14.000.000	13.045.000	14.000.000
Annar kostnaður vegna mótahalds	22.000.000	22.698.000	17.500.000
Mótakostnaður alls	36.000.000	35.743.000	31.500.000

8 Laun og launatengd gjöld

Laun starfsmanna	55.000.000	52.075.000	55.000.000
Bifreiðastyrkur	2.900.000	2.553.000	2.900.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	7.200.000	7.030.000	7.000.000
Tryggingagjald	4.000.000	3.942.000	3.800.000
Önnur launatengd gjöld	1.000.000	859.000	1.000.000

Laun og launatengd gjöld alls

70.100.000	66.459.000	69.700.000
------------	------------	------------

9 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Húsaleiga vegna skrifstofu	4.000.000	3.857.000	3.600.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta	400.000	301.000	400.000
Rekstur tölvukerfa	4.500.000	4.216.000	6.000.000
Sími og netkostnaður	1.300.000	1.270.000	1.200.000
Ferðakostnaður	3.000.000	2.726.000	1.000.000
Pappír prentum og ritföng	250.000	47.000	250.000
Bækur, blöð og áskriftir	150.000	115.000	150.000
Starfsmannakostnaður	4.000.000	3.649.000	2.500.000
Áhöld og tæki	500.000	0	1.000.000

Markaðskostnaður	0	2.395.000	0
-------------------------	----------	------------------	----------

Gjafir og blóm	250.000	239.000	250.000
Tryggingar	100.000	89.000	100.000
Annar skrifstofukostnaður	250.000	13.000	250.000

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls

18.700.000	18.917.000	16.700.000
------------	------------	------------

10 Annar rekstrarkostnaður

Fræðslu- og nefndarkostnaður	2.000.000	5.503.000	8.000.000
Hæfileikamótun / Handboltaskóli	2.000.000	1.641.000	1.000.000
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækja	1.000.000	828.000	550.000
Kaup á búningum	6.000.000	6.989.000	3.400.000
Sjoppa	100.000	0	100.000
Annað	500.000	563.000	250.000

Annar rekstrarkostnaður alls

11.600.000	15.524.000	13.300.000
------------	------------	------------

11 Vaxtagjöld og vaxtatekur

Vaxtatekjur	1.000.000	383.000	100.000
Fjármagnstekuskattur	-20.000	-84.000	-20.000
Gengismunur	-500.000	-194.000	-500.000

Vaxtagjöld og vaxtatekur alls

480.000	105.000	-420.000
---------	---------	----------

14. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Þingforseti bað Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóra HSÍ, um að stíga upp í pontu til að gera grein fyrir tillögum um lagabreytingar og afreksstefnu, sem lágu fyrir þinginu.



**66. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
30. apríl 2023**

Þingskjal nr: 4

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

5. gr. Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna á mælisverðrar eða ósættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda HSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum HSÍ.

Greinargerð

Ný grein sem styður við úrskurði aganefndar og heimildir til að beita félög viðurlögum vegna aðila á þeirra vegum.



**66. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
30. apríl 2023**

Þingskjal nr: 5

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

15. gr. Kosning stjórnar HSÍ

Þeir sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar.

Greinargerð

Grein sem er komið í lög bætt í lög HSÍ.

Mikilvægt er að traust ríki til þeirra sem bjóða sig fram til trúnaðarstarfa fyrir íþróttahreyfinguna og starfa í hennar þágu. Því er eðlilegt að kröfur séu gerðar til þeirra hvað varðar ofangreind atriði.



**66. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
30. apríl 2023**

Þingskjal nr: 6

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

VI. kafli Nefndir HSÍ

19. gr. Fastanefndir

Stjórn HSÍ skal að loknu handknattleiksþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- a. aganefnd
- ~~b.~~ búninganefnd
- ~~c.~~ deildarnefnd
- ~~d.~~ b. dómaranefnd
- ~~e.~~ c. fræðslu- og útbreiðslunefnd
- ~~f.~~ heiðursmerkjanefnd
- ~~g.~~ d. laganefnd
- ~~h.~~ e. landsliðsnefnd karla
- ~~i.~~ f. landsliðsnefnd kvenna
- ~~j.~~ læknanefnd
- ~~k.~~ g. mótanefnd
- ~~l.~~ móttökunefnd
- ~~m.~~ h. markaðs- og kynningarnefnd

Fastanefndir starfa í umboði stjórnar HSÍ samkvæmt lögum, siðareglum og reglugerðum sambandsins. Stjórn HSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

Handknattleiksþing HSÍ getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir sem starfa á milli handknattleiksþinga til að fjalla um málefni sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.

Stjórn HSÍ skal leitast við að jafna hlutdeild kynja við skipun í nefndir innan HSÍ.

Stjórn HSÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

20. gr. Aganefnd

Aganefnd HSÍ skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Skal a.m.k. einn aðalmaður vera löglærður og skal varamaður hans einnig vera löglærður.

Nefndin úrskurðar um viðurlög samkvæmt lögum þessum, reglugerðum HSÍ og starfsreglum aganefndar gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum, áhorfendum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga HSÍ.



Aganefnd skal úrskurða um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum á Íslandsmóti, í bikarkeppni, deildarbikarkeppni og meistarakeppni. Nefndin fjallar um brot leikmanna, þjálfara, forystumanna félaga, félaga og áhorfenda. Þá fjallar nefndin um önnur mál sem berast henni og/eða hún telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna leikja sem fara fram á Íslandi, enda fjalli ekki aðrir um þau.

Aganefnd skal tilkynna úrskurð sinn strax að loknum fundi, með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti, til formanns handknattleiksdeildar viðkomandi félags eða þess aðila sem félagið hefur bent HSÍ á. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu HSÍ strax að loknum fundi.

Heimilt er að skjóta til dómsstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um það að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta tímabundnu banni eða sektum að hærri fjárhæð en kr. 100.000 eða ef úrskurður felur í sér endurtekt á leik eða breytingum á úrslitum leikja. Í tilvikum sem þessum skal öllum aðilum máls kynntur úrskurður aganefndar.

Að öðru leyti en í 5. mgr. kveður á um eru úrskurðir aganefndar endanlegir.

Aganefnd hefur heimild til að beita viðurlögum vegna brota á lögum þessum, reglugerðum og leikreglum. Viðurlögin geta verið leikbann, tímabundið bann, áminning, svipting réttar til þess að gegna starfi innan handknattleikshreyfingarinnar, ávítur og sektir.

Stjórn HSÍ skal setja reglugerð um viðurlög við einstökum brotum á lögum þessum, reglugerðum og leikreglum í samræmi við 7. mgr.

~~21. gr. Búninganefnd~~

~~Búninganefnd HSÍ skal sjá um alla búninga HSÍ þ.e. keppnisbúnað, æfingabúnað og annan fatnað á vegum HSÍ svo og allar rekstrarvörur landsliða.~~

~~22. gr. Deildanefnd~~

~~Deildanefnd HSÍ skal vera stjórn HSÍ til ráðgjafar um öll þau mál sem tengjast deildarkeppnum meistaraflokka á vegum HSÍ svo sem markaðsmál, styrktaraðila og útbreiðslu.~~

23. gr. Dómaranefnd

Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum HSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara og eftirlitsmanna á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu handknattleiksreglna á íslensku og sér um að dómarar framfylgi þeim. Dómaranefnd skal að jafnaði vera skipuð reynslumiklum fyrrverandi dómurum.

24. gr. Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál HSÍ og annast sér í lagi menntun handknattleiksþjálfara og leiðtoga. Nefndin skal einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskum handknattleik.



Nefndin vinnur að eflingu handknattleiks og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan vébanda handknattleikssambandsins.

25. gr. Heiðursmerkjanefnd

~~Heiðursmerkjanefnd kemur með tillögur til stjórnar HSÍ um veitingu heiðursmerkja á vegum HSÍ. Nefndin skal sjá um að halda skrá yfir viðurkenningar á vegum HSÍ og skal hún birt á heimasíðu sambandsins.~~

26. gr. Laganefnd

Laganefnd er stjórn HSÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin skal fara yfir allar tillögur sem berast fyrir handknattleiksþing og metur hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

Nefndin skal fara yfir allar tillögur stjórnar HSÍ að reglugerðum áður en þær eru afgreiddar frá stjórn HSÍ til að meta hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli lagaákvæði þessi.

27. gr. Landsliðsnefndir karla og kvenna

Landsliðsnefndir hafa umsjón með tilteknu landsliði eða landsliðum. Nefndirnar hafa umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppni, skipuleggja undirbúning þeirra og annast samskipti við starfsmenn liðanna.

28. gr. Læknanefnd

~~Læknanefnd skal skipuleggja og tryggja starfsemi fagteymis HSÍ svo sem lækna og sjúkráþjálfara með landsliðum HSÍ.~~

~~Læknanefnd skal sjá um skipulagningu og hafa umsjón með lækningum, sjúkráþjálfun og fylgist með lyfjaprófum á alþjóðlegum mótum og leikjum sem fram fara á Íslandi.~~

29. gr. Mótanefnd

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd þeirra.

30. gr. Móttökunefnd

~~Móttökunefnd skipuleggur, í samvinnu við skrifstofu HSÍ, allar heimsóknir erlendra liða á vegum HSÍ til Íslands.~~

Greinargerð

Umræddar nefndir hafa ekki verið virkar og hafa verkefni þeirra verið unnin af starfsmönnum skrifstofu HSÍ og stjórn sambandsins.



**66. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
30. apríl 2023**

Þingskjal nr: 7

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 10-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 15-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- d) 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundin skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2. -53. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSÍ setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.



C. Umspil 1. deildar

a) 8 liða úrvalsdeild

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 10-12 liða úrvalsdeild

Lið 2 í 1. deild mætir liði ~~53~~ í 1. deild.

~~Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.~~

~~Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.~~

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

~~Ef ekki næst fullur liðafjöldi til þátttöku í umspili í 1. deild skal efsta lið umspils sitja hjá í 4 liða úrslitum.~~

Greinargerð

Verið að einfalda umspil í Grill 66 deild karla og fella út undanúrslit



**66. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
30. apríl 2023**

Þingskjal nr: 8

**Tillaga um lög HSÍ
Flutningsaðili: Fjölnir**

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- e) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- f) 10-~~14~~16 lið, ein deild, 2 umferðir.
- g) ~~15~~17-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- h) 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundið skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2. -5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSÍ setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.



B. Úrslitakeppnir úrvalsdeilda

a) 8 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 1 og 2 sitja hjá í 6 liða úrslitum

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 3/6 mætir liði 2

Sigurvegari viðureignar 4/5 mætir liði 1.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 9-143 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

a) 14-16 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8



[Lið 2 mætir liði 7](#)

[Lið 3 mætir liði 6](#)

[Lið 4 mætir liði 5](#)

[Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.](#)

[Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5](#)

[Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.](#)

[Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.](#)

[Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.](#)

[Jafnframt skal leikin B liða úrslitakeppni](#)

[Leikið skal eftir útsláttarkeppni og mætir 9 sæti neðasta liðinu og koll af kolli.](#)

[Sé oddatala situr 9 sætið hjá.](#)

[Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt heimaleik.](#)

Greinargerð

Tillaga um reglubreytingu. Við viljum leggja fram tillögu um eina deild í meistaraflokki kvenna, efstu deild. Þar væru 14 lið og spiluð væri tvöföld umferð (einn leik á heimavelli og einn á útivelli). (Reglugerð HSÍ segir að ef það eru 14 lið þá eigi að vera ein deild. Við óskum eftir að breyta því í 16 lið (aðallið)).

- 8 liða úrslitakeppni fyrir efstu 8 liðin: venjulegt fyrirkomulag eins og í Olísdeild karla.
- B-liða úrslitakeppni fyrir 6 neðstu liðin í úrvalsdeild: spilað með bikarkeppnis fyrirkomulagi (útsláttarkeppni).
- 2. deild: spilað með U-lið og lið sem vilja koma inn eða venslalið. Þar eru sömu reglur og eru með U-lið í dag. Félög sjá um dómgæslu líkt og í 3. flokki kvenna. (Ekki er farið upp úr þessari deild).



**66. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
30. apríl 2023**

Þingskjal nr: 9

**Tillaga um lög HSÍ
Flutningsaðili: KA/Þór**

A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- i) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- j) 10-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- k) 15-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- l) 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundið skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

[Ársþing HSÍ 2023 samþykkir að fjölga skal liðum í efstu deild kvenna úr 8 í 10 frá og með tímabilinu 2023-2024.](#)

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2. -5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSÍ setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.



B. Úrslitakeppnir úrvalsdeilda

c) 8 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 1 og 2 sitja hjá í 6 liða úrslitum

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 3/6 mætir liði 2

Sigurvegari viðureignar 4/5 mætir liði 1.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

d) 9-14 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.



C. Umspil 1.deildar

c) 8-10 liða úrvalsdeild

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

d) 1011-12 liða úrvalsdeild

Lið 2 í 1.deild mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef ekki næst fullur liðafjöldi til þátttöku í umspili í 1.deild skal efsta lið umspils sitja hjá í 4 liða úrslitum.

Greinargerð

Við óskum eftir að deildarkeppni kvenna verði áfram í tveimur deildum en að í efstu deild verði 10 lið, sem leika í tvöfaldri umferð, þar sem efsta liðið verður Íslandsmeistari, neðsta liðið fellur í 2.deild og liðið í 9.sæti fer í umspil við lið nr.2 í 2.deild um réttinn til að leika í efstu deild að ári. 8 efstu liðin í 1.deild fara í úrslitakeppni eins og er hjá körlum. Við teljum að með þessu verði fleiri leikir sem skipta máli og fleiri lið sem þurfa að hlúa betur að kvennaboltanum.

66. ÁRSPING HSÍ



Afreksstefna HSÍ Þingskjal 10

66. ársþing HSÍ
Laugardaginn 30. apríl 2023



Afreksstefna HSÍ

Inngangur

HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála
- b. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga
- d. að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómara starfa og veita þeim réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta handknattleiksmótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi handknattleiks á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða handknattleik á Íslandi.

HSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnsmál og trúarbrögð. HSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Almenn atriði

Handknattleikssamband Ísland rekur afreksstefnu jafnt í karla- og kvennaflokki. Markmið landsliða Íslands er að komast á öll lokamót, hvort sem um ræðir Ólympíuleika, Evrópu- eða heimsmeistaramót auk þess að taka þátt í hluta þeirra æfingamóta sem eru í boði hverju sinni.

Æðsti draumur ungra handknattleiksiðkenda er að komast í landslið Íslands og því er mikilvægt að afreksstarfið sé sýnilegt, hvort sem er hjá yngri landsliðum eða A landsliðum. Ungir iðkendur þurfa að hafa fyrirmyndir og finna að landsliðsdraumurinn geti orðið að veruleika í framtíðinni.

Afreksstarfinu er stýrt af stjórn HSÍ sem kosinn er á ársþingi. Stjórnin skipar landsliðsnefndir karla og kvenna sem koma að ráðningum þjálfara og annarra starfsmanna í kringum landsliðin í samstarfi við framkvæmdarstjóra. Skrifstofa HSÍ sér um daglegan rekstur landsliðanna, skipulag á æfingum, keppni og öðrum verkefnum.

Þessi stefna var unnin af starfsmönnum skrifstofu HSÍ í samstarfi við aðra sem koma að starfi sambandsins, s.s. stjórnarmenn, nefndarmenn, þjálfurum landsliða og aðilum úr fagteymum. Stefnan er tekin fyrir af stjórn HSÍ árlega á síðasta fundi fyrir ársþing HSÍ, auk þess skal hún vera kynnt á síðasta formannafundi fyrir ársþing. Þá skal stefnan vera samþykkt á ársþingi sambandsins á hverju ári.

Afreksstefnan er í raun tímalaus og með möguleika á breytingum sem ársþingi HSÍ þarf að samþykkja.



Stjórn HSÍ og skrifstofa vinna að aðgerðaráætlun þar sem fram koma tímasett markmið fyrir afreksstefnu sambandsins ásamt leiðum að þeim markmiðum.

Almenn þátttaka

Fjöldi iðkenda í handbolta hefur lítið breyst undanfarin ár. Fjölgun iðkenda eru mestu leyti háð góðu starfi innan félaganna en þó hefur HSÍ komið að þeim málum líka.

Helstu tækifæri til útbreiðslu íþróttarinnar eru þegar A-landslið ná góðum árangri á stórmótum. Í kjölfarið hefur fjöldi barna mætt á æfingar og farið að stunda íþróttina.

Þegar rýnt er í iðkendatölur má sjá að handbolti á undir högg að sækja á landsbyggðinni og er nánast eingöngu stundaður í stærstu bæjarfélögum landsins. Stefna HSÍ er að kynna handbolta í minni bæjarfélögum, bjóða uppá opnar æfingar og halda stutt námskeið fyrir þjálfara og dómara. Í framhaldi verður komið á svæðisbundnum 7. og 8. flokks mótum til að ýta undir frekari þátttöku yngri iðkenda. Mikilvægt er að byggja grasrótina á þessum stöðum svo hægt verði að halda úti frekari starfi þar.

Þá er má einnig benda á að fækkun í kvennaflokkum á meðan karlaflokkar hafa frekar sótt í sig veðrið. Mikilvægt er að halda vel utan um kvennastarfið, búa til fyrirmyndir og gera tengingu iðkenda við landsliðið og íþróttina í heild sinni sterkari.

Stefna sambandsins er að fjölga iðkendum og mun fræðslu- og útbreiðslunefnd móta áætlun um frekari fjölgun iðkenda með sérstaka áherslu á fjölgun stúlkna innan greinarinnar.

HSÍ stendur fyrir Íslandsmóti fyrir 6. flokk og uppúr (frá 10 ára aldri). Mót eru einnig haldinn fyrir 7. og 8. flokk (6 – 9 ára) en þar er ekki keppt um titla. Þess má geta að sérstök mót eru haldin fyrir 7. og 8. flokk á norðurlandi.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að útbreiðslumálum og mótanefnd ásamt mótastjóra HSÍ vinna að mótamálum.

Dómarar

Markmið HSÍ er að nægt framboð sé af dómurum, eftirlitsmönnum, tímavörðum og riturum bæði hjá HSÍ og félögum. Félögin geta pantað dómara námskeið og útskrifað þannig A stigs dómara en B og C stigs námskeið eru haldin hjá HSÍ 1-2 á ári. Námskeið fyrir ritara og tímaverði eru haldin að hausti áður en deildarkeppnin hefst og hafa þau verið vel sótt.

C stigs dómarar (deildardómarar) þurfa að standast próf þrisvar á hverju keppnistímabili. Á haustfundi, janúarfundi og að vori á fundi fyrir úrslitakeppni. Þar eru lögð fyrir bæði þolpróf og skrifleg próf. Þeir dómarar sem ekki hafa staðist prófin fá ekki að dæma í efstu deild. Undanfarin ár hefur þrekþjálfari starfað með handboltadómurum í 6 vikur að sumri.

Ísland hefur átt dómarapör í fremstu röð á alþjóðavísu og stefnan er að eiga áfram dómara sem komast á stórmót í handbolta. Til þess þarf að styðja við unga dómara, hjálpa þeim að þróast og komast á alþjóðavettvang (EHF young referee).

Stefna HSÍ er að eiga ávallt alþjóðlega dómarapör ásamt því að vera með yngri dómara í þjálfun hjá EHF. Alþjóðadómarapörin skulu vera fyrirmyndir annarra handknattleiksdómara og taka þátt í öllum þeim verkefnum sem þeim býðst á erlendri grundu (nema þegar úrslitahelgi bikarkeppninnar og lokaúrslit Íslandsmótsins fara fram).

Skipulagning og vinna í dómaramálum HSÍ er unnin af dómaranefnd í samstarfi við skrifstofu HSÍ.



Fræðslumál þjálfara

Þjálfaramenntun HSÍ er byggt upp samkvæmt stöðlum Rinck áætlunar evrópska handknattleiks-sambandsins.;

1. stig, þjálfun barna (6. - 8. flokkur)
2. stig, þjálfun unglunga (3. – 5. flokkur)
3. stig, þjálfun meistaraflokks (afreksþjálfun)
4. stig, EHF Mastercoach

Til að geta talist útskrifaður á einhverju stigi þarf að hafa klárað alla hluta námsins á því tiltekna stigi. Þrjár helgar eru fráteknar á hverju ári fyrir þjálfaranámskeið.

Starfandi þjálfarar í meistaraflokki skulu hafa viðurkennda þjálfaramenntun skv. RINCK menntakerfi EHF og hafa lokið 3. stigi. Félögin og þjálfarar skulu þó fá aðlögunartíma til að geta brugðist við nýjum reglum þegar kemur að menntun þjálfara. Lágmarkskröfur á menntun þjálfara í yngri flokkum þarf að vinna í framhaldi þó þannig að félög og þjálfarar hafi eðlilega aðlögunartíma.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að fræðslumálum.

Afreksíþróttafólk og hæfileikamótun

Afreksíþróttafólk teljast þeir íþróttamenn sem keppa með landsliðum HSÍ í mótum á vegum EHF/IHF. Að sama skapi teljast þeir hópar sem keppa á vegum HSÍ á mótum á vegum EHF/IHF afrekshópar.

Til landsliðsverkefna teljast allar æfingar sem HSÍ boðar til, auk allra leikja.

Yngri landslið

Afreksstarf HSÍ hefst með handboltaskóla fyrir 13 ára stelpur og stráka, hann fer fram í byrjun júní ár hvert. Þar gefst hverju félagi tækifæri til að senda fjóra leikmenn sem æfa saman eina helgi undir stjórn unglingalandsliðsþjálfara. Þá fara einnig fram ýmsar prófanir á vegum Háskólans í Reykjavík sem safna upplýsingum í rannsókn um hvað þarf til að vera framtíðarlandsliðsmaður.

Mikið er lagt uppúr því að kunna að vera í landsliði, leikmenn læri ákveðin gildi og fara eftir þeim á leið sinni í að verða afreksíþróttamaður. Unnið er markvisst að því að leikmenn taki ábyrgð á eigin þjálfun og samskiptum og kunni að bregðast við mótlæti.

U-14/15 ára landslið, hefst að hausti eftir handboltaskóla HSÍ. Liðið æfir 4-5 sinnum á ári og þar af tvisvar í tvískiptum hóp, þar sem árgangarnir æfa sinn í hvoru lagi. Margir leikmenn fá að spreyta sig og hæfileikar einstaklinganna skoðaðir. Hér hefst undirbúningur fyrir frekara landsliðsstarf, leikmenn kynnast því hvernig er að æfa í landsliði og fá smjörþefinn af því sem koma skal.

U-16/17 ára landslið, frekar unnið að uppbyggingu liðs. Leikaðferðir eldri landsliðanna kynntar fyrir leikmönnum og unnið markvisst að því að búa til liðsheild. Umgjörð liðsins eykst, leikmenn fá æfingafatnað og fleiri starfsmenn koma að æfingunum. Liðið fer á æfingamót erlendis.

U-18/19 ára landslið, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Umgjörð á æfingum meiri en áður og mikið lagt uppúr faglegri þjálfun. Unnið með styrktarþjálfara á æfingum og líkamleg próf tekin reglulega þannig hægt sé að fylgjast með framgangi og uppbyggingu leikmannanna.



U-20/21 ára landslið, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Áframhaldandi vinna með styrktarþjálfara á æfingum og leikmenn prófaðir reglulega. Þá er tenging á milli þjálfarateyma u-20 ára landsliðs og A landsliðs, þannig að leikmenn eigi auðveldara með að taka síðustu skrefin, hvort sem er í A landslið eða í atvinnumennsku.

Töluverður munur hefur verið á árangri yngri landsliða karla og kvenna undanfarna áratugi og því eru markmið liðanna mismunandi eftir kyni. Markmið yngri landsliða karla er að vera meðal 8 efstu liða á bæði HM og EM hverju sinni og tryggja þannig sæti á næstu stórmótum. Markmið yngri landsliða kvenna er að komast reglulega á stórmót og festa sig í sessi.

A & B landslið

A-landslið, þar spila og æfa okkar bestu handboltamenn hverju sinni. Liðinu er stýrt af færum þjálfurum sem hafa sannað sig í alþjóðahandbolta og öll umgjörð er eins og best verður á kosið. Það á að vera draumur hvers handboltamanns að komast í A landslið.

Markmið A landslið karla er að vera inni á Ólympíuleikjum en til þess þarf að sýna stöðugleika á HM og EM (skammtíamarkmið) og tryggja þannig sæti á Ólympíuleikum.

Markmið A landslið kvenna er að komast inná stórmót (HM og EM) og spila þar reglulega.

B-landslið æfir 3-4 sinnum á ári undir stjórn A landsliðsþjálfara og u-20/21 ára þjálfara. Hópurinn er ætlaður þeim leikmönnum sem næstir eru A landsliðinu hverju sinni. Þar er hægt koma þeim inn í leikaðferðir A landsliðs og undirbúa þá fyrir frekari frama.

Þjálfarar landsliða

Allir þjálfarar landsliða skulu hafa gengið í gegnum þjálfaranám HSÍ eða sambærilega menntun erlendis. Til að þjálfari í handboltaskóla HSÍ, u-14 eða u-16 ára landsliði skulu þjálfarar hafa lokið 2. stigi þjálfaramenntunar. Þjálfarar u-18 og u-20 ára landsliða skulu hafa klárað 3. stig þjálfaramenntunnar. Þjálfarar A landsliða skulu hafa MasterCoach gráðu frá EHF. Aðeins er hægt að gera undantekningu frá þessu ef þjálfarar er þegar skráðir í námið þegar þeir hefja störf fyrir HSÍ (nánar um menntun þjálfara annars staðar í afreksstefnu).

Þjálfurum yngri landsliða ber að vera faglegir í vali sínu á leikmönnum í landslið og vera í góðu sambandi við þjálfara félagsliða. Þjálfurum ber að horfa ekki eingöngu á þá leikmenn sem snemma verða hæfílikaríkir heldur einnig þá sem geta hjálpað liðinu til framtíðar. Mikil áhersla er lögð á samræmi í þjálfun á milli landsliða og að sömu leikaðferðum sé beitt í grunninn. Þjálfurum ber að skila skýrslu um sitt landslið í lok hvers árs.

Yfirþjálfari yngri landsliða stýrir starfi yngri landsliðanna. Hann markar stefnu landsliðanna hverju sinni, skipuleggur landsliðsæfingar, gerir æfingaáætlanir og veitir landsliðsþjálfurum þá stýringu sem þarf til. Þá tengir yfirþjálfarinn saman A landslið og yngri landslið, samrýmir leikaðferðir og hefur yfirsýn yfir þá leikmenn sem æfa með yngri landsliðunum. Yfirþjálfarinn sér um ráðningar á þjálfurum yngri landsliða í samráða við framkvæmdastjóra HSÍ.

Markmannsþjálfari fylgir hverju landsliði og kemur reglulega inná æfingar. Markmannsþjálfarar vinna saman eftir leiðbeiningum markmannsteymis HSÍ fyrir hvern aldur.

Styrkþjálfari sér um styrktarþjálfun landsliðanna. Hann fylgist með framvindu leikmanna og ráðleggur varðandi framhaldið (í samstarfi við þjálfara leikmannsins þar sem það á við).



Leikgreiningar eru stór þáttur af leiknum og sérstaklega mikilvægur á stórmótum. Allir landsliðs-þjálfarar HSÍ hafa aðgang að leikgreiningarhugbúnaði og eiga að vinna sínar greiningar þar. Ísland var snemma framarlega á sviði leikgreininga og mikilvægt er að halda þeirri þekkingu við svo hún skili sér til yngri þjálfara. Stefnan er að búa til stóran æfingabanka sem allir þjálfarar hafa aðgang.

Fagteymi

Nokkur fagteymi starfa á HSÍ, teymin eru þverfagleg hvort sem unnið er með karla- eða kvennalandsliðum. Hlutverk fagteyma er að miklu leyti að fyrirbyggja og meðhöndla meiðsli leikmanna auk þess að taka á annarskonar vandamálum sem geta komið upp hvort sem er á æfingum, utan æfinga eða í ferðalögum. Auk þess er sambandið í nánú samstarfi við Háskólann í Reykjavík sem sér um ýmskonar mælingar á landsliðsmönnum o.fl.

Sjúkraþjálfarar fylgja yngri landsliðum í allar keppnisferðir og eru reglulega á æfingum. Hjá A landsliðum eru sjúkraþjálfarar á öllum æfingum auk þess tveir sjúkraþjálfarar ferðast með liðinu í öll mót og leiki. HSÍ hefur skipað sjúkraþjálfarateymi og þar er unnið að áætlun hvernig skuli unnið með leikmenn. Hér er átt við fyrirbyggjandi æfingar, fyrstu viðbrögð þegar leikmenn slasast á æfingum og langtímameðferðir. Áætlunin verður kynnt fyrir félögum þegar hún er tilbúin.

Sjúkranuddari ferðast með A landsliðunum í alla leiki og er til taks á æfingum og milli æfinga hér heima.

Læknar ferðast með A landsliðum í alla leiki erlendis og eru til taks þar. Handknattleikssambandið hefur einnig greiðan aðgang að sérfræðilæknum hér heima og hægt er að leita til þeirra með stuttum fyrirvara.

Næringarfræðingur er til taks hjá HSÍ og hefur sérstaklega verið nýttur með yngri landsliðum. Þar fá framtíðarlandsliðsmenn, þjálfara og foreldrar að vita allt það helsta sem hafa ber í huga varðandi næringu og mataræði íþróttafólks.

Andleg þjálfun, íþróttasálfræði kynnt fyrir leikmönnum með ýmskonar markmið og skipulag í huga. Auk þess fara yngri landsliðin í gegnum fyrirlestra þar sem vakin er athygli á því að vera með lífið á hreinu og hvernig afreksmaður í íþróttum getur undirbúið lífið eftir boltann.

Mælingar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Upplýsingum er safnað um líkamlegt atgervi leikmanna allra landsliða, greining á líkamlegri getu leikmanna og hvað má betur fara. Þetta starf veitir sambandinu mikla möguleika á gagnasöfnun um afreksmenn framtíðarinnar og fá þannig vitneskju um þróun þeirra frá yngri flokkum til A landsliðs. Þá hefur HR einnig staðið fyrir rannsóknum á getu og hæfni leikmanna í handboltaskóla HSÍ (13 ára stelpur og strákar).

Það er stefna HSÍ að halda fagteymum í sama horfi og þau hafa verið, en bæta í rannsóknir á leikmönnum t.a.m. um hámarkspól og hámarksstyrk. Einnig er ætlunin að fara í rannsóknir á fyrirbyggjandi æfingum og sjá þar hvort hægt sé minnka áhættu á meiðslum með réttum aðferðum sem henta íþróttinni. Þessar rannsóknir eru unnar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er hluti þeirra þegar hafinn.



Aðstaða

HSÍ býr í raun ekki að neinni aðstöðu, annarri en skrifstofu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Ekki er til eiginlegur þjóðarleikvangur og sambandið býr ekki að æfingaaðstöðu. Sambandið er í raun háð því að fá lánaða eða leigða æfingatíma hjá aðildarfélögum sínum. Félögin eru hvött til að halda áfram góðu samstarfi við HSÍ í þessum efnum og að liðka til fyrir æfingar og leiki á vegum sambandsins.

Framtíðarmarkmið HSÍ er að geta haldið stórar æfingahelgar þar sem öll landsliðin æfa á sama stað, bæði æfingar með bolta og styrk auk fyrirlestra og annars sem tengist afrekssstarfi sambandsins en til þess þarf nýjan íþróttahöll þar sem öll aðstaða þarf að vera til staðar. Erfitt er fyrir sambandið að gera sér grein fyrir hvenær þetta getur orðið, hér verða yfirvöld að stíga inn en á þessu aðstöðuleysi þarf að vinna bragabót svo að íþróttin megi dafna og tryggt verði að framganga landsliða okkar verði í framtíðinni jafn glæsileg og hingað til. Nauðsynlegt er að ríki og borg hefji viðræður við íþróttahreyfinguna um lausn þessara mála. HSÍ mun halda áfram að vinna að því í samvinnu önnur íþróttasambönd.

Fjármögnun

Opinberir styrkir standa undir um 30% af reksri handknattleikssambandsins á hverju ári. Það er um að ræða styrki frá afrekssjóði, Lottó, útbreiðslustyrk og ríkisstyrk. Mismunurinn er fenginn með sölu auglýsinga, sölu aðgöngumiða á landsleiki, styrkjum frá 25 samstarfsaðilum auk sjónvarpssamnings. HSÍ býr enn við að láta leikmenn yngri landsliða borga fyrir sínar ferðir erlendis en framtíðarmarkmið er að afrekssjóður og styrktaraðilar standi undir rekstri allra landsliðanna.

Aðalmarkmið HSÍ undanfarin misseri hefur verið að gera reksturinn markvissari og greiða upp skuldir. Í framtíðinni er vonast til að hægt sé að styrkja leikmenn yngri landsliða enn frekar í keppnisferðum, þannig að þeir greiði fasta upphæð fyrir hverja ferð í stað þess að borga allan þann kostnað sem til fellur.

Fjármögnunin er unnin af stjórn HSÍ í samstarfi við framkvæmdastjóra og skrifstofu.

Niðurlag

Helstu markmið HSÍ til framtíðar eru að öll landslið komist í lokakeppnir stórmóta, hvort sem um ræðir A landslið eða yngri landslið. Það er ekki sjálfgefið að komast þangað og krefst mikillar vinnu, en þessa vinnu þekkir fólk innan hreyfingarinnar.

Til þess að þetta gangi eftir þarf að áframhaldandi góðu vinna á öllum vígstöðvum (innan vallar sem utan) og það mikilvægasta af öllu er grasrótin, hún má ekki gleymast.

Handbolti á sér langa og góða sögu á Íslandi; fræknir sigrar á erlendri grundu, verðlaun á stórmótum, leikmenn í stærstu liðum heims o.s.frv. Það er því leitt að hugsa til þess að enn vantar peninga svo reka megi yngri landsliðin með góðu móti. Þau er ennþá háð söfnunum landsliðsmanna og leggja þeir á sig mikla vinnu til að komast í keppnisferðir.

Það er von okkar að stækkun afrekssjóðs skili sér rækilega í afrekssstarfið en að sama skapa má ekki slaka á þegar kemur að styrktaraðilum og öðrum tekjulindum HSÍ.



Þingforseti lagði til að þingskjölum nr. 4-10 yrði vísað til umfjöllunar allsherjar- og laganefndar í þinghléi.

Engin andmæli bárust.

Tillögum til breytinga á lögum var vísað til allsherjar- og laganefndar.

15. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar

Þingforseti bauð Ingu Lilju Lárusdóttur, formanni fræðslu- og útbreiðslunefndar, orðið til að gera grein fyrir störfum kvennanefndar.

Inga Lilja sagðist hafa fengið þetta verkefni ásamt Kristínu í nóvember 2022. Þær fengu Ólaf Víði Ólafsson til liðs við sig sem eiginlegan formann nefndarinnar. Í nefndinni eru einnig Arnar Pétursson, Arnór Ásgeirsson, Díana Guðjónsdóttir, Harri Kristjánsson, Kristín Guðmundsdóttir, Rakel Dögg Bragadóttir og Sigurjón Björnsson. Inga Lilja sagði því vera mikla reynslu í nefndinni. Nefndin hafi hist nokkrum sinnum og aðallega verið í greiningarvinnu. Aðalspurningin sem nefndin hafði verið að vinna með var: Hvernig komum við íslenskum kvennahandbolta í fremstu röð. Nefndin sendi út könnun á þjálfara og yfirþjálfara til að safna fleiri upplýsingum. Yfirleitt vakna þá fleiri spurningar en svör, að sögn Ingu Lilju, enda væri af nægu að taka. Þessa dagana væri nefndin í greiningarvinnu og að fara yfir þjálfun, námskeið, útbreiðsluefni, vefsíður, styrkþjálfun og þolþjálfun, breytt viðhorf, skipulag, koma á súpufundum, fjölda æfinga og félagslega hlutann kvenna megin, mótamál, fjölda móta, stærð deilda, nýtt fyrirkomulag og svo afreksstarfið, opnar æfingar og samtöl á milli landsliðsþjálfara. Næstu verkefni hjá nefndinni, sagði Inga Lilja, væri að halda fund í lok maí með formönnum yngri flokka félaganna og yfirþjálfurum og reyna síðan að skila af sér góðri skýrslu eftir það um framtíðarsýnina og hvernig við komum íslenskum kvennahandbolta í fremstu röð.

Inga Lilja bauð þingfulltrúum að spyrja spurninga en enginn kvað sér hljóðs.

----- Þinghlé meðan þingnefndir starfa -----

Þingforseti bauð þingfulltrúa velkomna aftur eftir hlé og bauð Önnu I. Jónsdóttir velkomna upp í pontu öðru sinni til að gera grein fyrir breytingum á kjörbréfum.

Fyrir hlé voru 58 fulltrúar mættir. Eftir hlé voru þeir orðnir 62 talsins. Anna sagði að fjöldi þingfulltrúa gæti mest orðið 75 þannig að það væri góð mæting á þingið.



16. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Þingforseti bauð Arnar Þorkelsson velkominn upp í pontu til að kynna niðurstöður fjárhagsnefndar.

Arnar þakkaði samnefndarmönnum fyrir góðar og snarpar umræður. Nefndin kláraði störf sín hratt og örugglega. Fjárhagsnefnd lagði til að breytingartillagan frá KA um að hækka ferðajöfnunarsjóð úr 50.000 krónum í 100.000 krónur yrði samþykkt á þinginu. Ástæðan væri sú að ferðajöfnunarsjóðurinn hafi ekki hækkað í að minnsta kosti fimm ár og utanbæjarliðum hefði fjölgað auk þess sem verðlag í samfélaginu hafi hækkað mikið undanfarið. Að öðru leyti væri fjárhagsáætlun óbreytt.

Þingforseti lagði fjárhagsáætlun fram til samþykktar.

Fjárhagsáætlun næsta árs var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bauð Þórir Haraldsson velkominn í pontu til að kynna störf sameiginlegrar allsherjar- og laganefndar.

Áður en Þórir fékk orðið fór þingforseti yfir verkferlana sem yrðu viðhafðir við kosningar þingskjalanna: Hvert þingskjal er lagt fram til atkvæðagreiðslu eftir umfjöllun Þóris. Það þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að samþykkja lagabreytingar. Almennt greiða þingfulltrúar atkvæði með handauppréttingu en heimilt er að óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu. Til að samþykkja slíkt þarf 1/4 hluta þingfulltrúa.

Þingforseta barst tillaga um að hafa skriflega atkvæðagreiðslu um þingskjöl nr. 7, 8 og 9. Þingforseti bar tillöguna undir þingfulltrúa til að kanna hvort hún fengi hlómgrunn.

Þingheimur samþykkti að hafa skriflega atkvæðagreiðslu um þingskjöl nr. 7, 8 og 9.

Þórir Haraldsson fékk orðið.

Þingskjal nr. 4

Þórir þakkaði nefndarmönnum í nefndinni fyrir samstarfið og öllum þeim sem voru í salnum fyrir þátttöku í störfum nefndarinnar. Nefndin fékk nokkrar tillögur til umfjöllunar. Í fyrsta lagi á þingskjali nr. 4 sem varðar aganefnd, komu nokkrar umræður í nefndinni um gildissvið þessarar reglna. Nefndin fór aðeins yfir það. Það var verið að tala um það hvort að það þyrfti að bæta inn í að þetta ætti eingöngu við um einhvers konar viðburði á vegum félaganna. Það var niðurstaða laganefndar að leggja ekki til breytingu. Nefndin lagði ekki til að viðburðum yrði bætt inn í þetta vegna þess að þar með víkkar gildissviðið út í hið óendanlega, að sögn Þóris. Viðburðir eru til dæmis herrakvöld, karlakvöld eða alls konar skemmtanir og annað á vegum félaganna sem að HSÍ kæmi ekki við. Efnislegu reglurnar væru núþegar í reglugerðum, og þær væru mjög skýrar, þannig að um væri að ræða verulega tæknilega breytingu þannig að tillaga laganefndar var að þingskjal nr. 4 færi til þingsins til afgreiðslu óbreytt.

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.



Þingskjal nr. 4 var samþykkt með meira en 2/3 hluta atkvæða.

Þingskjal nr. 5

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 5 var samþykkt með meira en 2/3 hluta atkvæða.

Þingskjal nr. 6

Þingskjal nr. 6 varðar það að leggja niður nefndir. Það kom fram viðaukatillaga, breytingartillaga frá Róberti Geir, þar sem það hafði láðst að fella út á einum stað, eina útstrikun. Nefndin lagði því til að sú útstrikun yrði tekin inn í upphaflegu tillöguna og lögð fram sem ein tillaga til afgreiðslu fyrir þingið.

Þingskjal nr. 6 var lagt fram til samþykktar með breytingartillögu.

Þingskjal nr. 6 var samþykkt með breytingartillögu frá Róberti Geir með meira en 2/3 hluta atkvæða.

Þingskjal nr. 7

Breytingartillaga var lögð fram af KA. Hana má sjá í þingskjali 7.1 hér fyrir neðan.

Niðurstaða allsherjar- og laganefndar var að leggja báðar tillögurnar fram fyrir þingið. Þannig að það væri þingið sem tæki afstöðu. Nefndin vildi ekki kveða upp um hvor tillagan yrði valin.

Breytingartillaga frá KA var lögð fram til samþykktar. Þingforseti áréttaði við þingfulltrúa að aðeins meirihluta atkvæða þyrfti til þess að samþykkja breytingartillöguna en 2/3 hluta atkvæða þyrfti til lagabreytinga.

Breytingartillagan frá KA var samþykkt með 39 atkvæðum.

Þingskjal nr. 7.1 var lagt fram til samþykktar með skriflegri atkvæðagreiðslu.

- Greidd atkvæði: 62
- Með: 38
- Á móti: 23
- Auðir og ógildir: 1

Þingskjal nr. 7.1 var fellt.



**66. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
30. apríl 2023**

Þingskjal nr: 7

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 10-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 15-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- d) 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundin skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild ~~skulu 2 neðstu liðin falla skal neðsta liðið falla~~ og efsta liðið í 1. deild ~~tekur sæti þess. Liðið í 11 sæti í úrvalsdeild fer í umspil um laust sæti í úrvalsdeild við sigurvegara umspils liða 2 og 3 í fyrstu deild. Ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2. — 5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.~~

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSÍ setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.



C. Umspil 1. deildar

a) 8 liða úrvalsdeild

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 10-12 liða úrvalsdeild

Lið 2 í 1. deild mætir liði ~~5~~3 í 1. deild.

~~Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. deild.~~ Lið 11 í úrvalsdeild situr hjá í undanúrslitum.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef ekki næst fullur liðafjöldi til þátttöku í umspili í 1. deild skal efsta lið umspils sitja hjá í 4 liða úrslitum.

Greinargerð

Verið að einfalda umspil í Grill 66 deild karla og fella út undanúrslit.



Þingskjöl nr. 8 og 9

Allsherjar- og laganefnd lagði fram breytingartillögu á þingskjali nr. 8. Hana má sjá á þingskjali 8.1 hér fyrir neðan.

Nefndin lagði til að þingskjöl nr. 8.1 og 9 yrðu bæði lögð fram fyrir þingið. Vegna þess að lagabreytingarnar voru um sama efni og voru þess eðlis að ekki væri hægt að samþykkja bæði skjölin setti Þórir það í hendur þingforseta að ákveða hvernig þingskjölin yrðu afgreidd.

Þingforseti ákvað að framkvæmdin yrði þannig að fyrst yrðu greidd atkvæði um þingskjal nr. 8.1. Yrði það samþykkt þá yrðu ekki greidd atkvæði um þingskjal nr. 9 því það myndi falla niður. Yrði hins vegar þingskjal nr. 8.1 fellt þá yrðu greidd atkvæði um þingskjal nr. 9.

Þingskjal nr. 8.1 var lagt fram til samþykktar með skriflegri atkvæðagreiðslu.

- Greidd atkvæði: 62
- Með: 37
- Á móti: 25
- Auðir og ógildir: 0

Þingskjal nr. 8.1 var fellt.

Þingskjal nr. 9 var lagt fram til samþykktar með skriflegri atkvæðagreiðslu.

- Greidd atkvæði: 61
- Með: 18
- Á móti: 42
- Auðir og ógildir: 1

Þingskjal nr. 9 var fellt.

Þingskjal nr. 10

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 10 var samþykkt með meira en 2/3 hluta atkvæða.



**66. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
30. apríl 2023**

Þingskjal nr: 8

**Tillaga um lög HSÍ
Flutningsaðili: Fjölirnir**

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 10-~~14~~16 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) ~~15~~17-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- d) 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundið skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

Bráðarbirgðarákvæði: Úrvalsdeild kvenna skal leikin í einni deild frá og með tímabilinu 2023-2024 og skulu U liða ekki telja við talningu á fjölda liða.

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2. -5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSÍ setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.



B. Úrslitakeppnir úrvalsdeilda

a) 8 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 1 og 2 sitja hjá í 6 liða úrslitum

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 3/6 mætir liði 2

Sigurvegari viðureignar 4/5 mætir liði 1.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 9-143 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

a) 14-16 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8



[Lið 2 mætir liði 7](#)

[Lið 3 mætir liði 6](#)

[Lið 4 mætir liði 5](#)

[Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.](#)

[Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5](#)

[Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.](#)

[Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.](#)

[Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.](#)

[Jafnframt skal leikin B liða úrslitakeppni](#)

[Leikið skal eftir útsláttarkeppni og mætir 9 sæti neðasta liðinu og koll af kolli.](#)

[Sé oddatala situr 9 sætið hjá.](#)

[Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt heimaleik.](#)

Greinargerð

Tillaga um reglubreytingu. Við viljum leggja fram tillögu um eina deild í meistaraflokki kvenna, efstu deild. Þar væru 14 lið og spiluð væri tvöföld umferð (einn leik á heimavelli og einn á útivelli). (Reglugerð HSÍ segir að ef það eru 14 lið þá eigi að vera ein deild. Við óskum eftir að breyta því í 16 lið (aðallið)).

- 8 liða úrslitakeppni fyrir efstu 8 liðin: venjulegt fyrirkomulag eins og í Olísdeild karla.
- B-liða úrslitakeppni fyrir 6 neðstu liðin í úrvalsdeild: spilað með bikarkeppnis fyrirkomulagi (útsláttarkeppni).
- 2. deild: spilað með U-lið og lið sem vilja koma inn eða venslalið. Þar eru sömu reglur og eru með U-lið í dag. Félög sjá um dómgæslu líkt og í 3. flokki kvenna. (Ekki er farið upp úr þessari deild).



17. Önnur mál

Þingforseti bauð orðið laust.

Erlingur Kristjánsson, fulltrúi Þór, bað um orðið og þingforseti bauð hann velkominn upp í pontu.

Erlingur óskaði eftir því að stjórn HSÍ stofni nefnd um dómaramál í handboltanum á Íslandi. Hann sagði að starfandi væru 36 dómarar sem uppfylli engan veginn kröfur HSÍ. Hvert félag sem sendir lið í meistaraflokk á að koma með tvo dómara og þá ættu samkvæmt talningu Erlings að vera 92 dómarar starfandi. Honum fannst 92 reyndar dálítið mikið í lagt. Hins vegar uppfyllti ekkert félag dómarskyldur sínar samkvæmt hans talningu. Erlingur sagðist hafa fengið uppgefinn lista frá HSÍ og talið saman hvað hvert lið ætti að vera með. Ef þetta væri rangt hjá honum, mætti bara leiðrétta hann. Hins vegar þyrfti að fara í einhverja endurskoðun á dómaramálunum og áréttaði Erlingur að hann óskaði eftir því að HSÍ skipi einhverja nefnd sem færi ofan í þessi mál.

Annað sem Erlingur vildi koma á framfæri var að jafna dómarakostnað í úrslitakeppni. Hann nefndi sem dæmi einvígi Fram og Hauka í kvennaflokki sem var nýlokið. Fram borgaði um það bil 150.000 krónur í dómarakostnað en Haukar líklega um 300.000 krónur í sinn dómarakostnað vegna þess að þeir fengu dómara frá Akureyri í sinn heimaleik. Þá sagði Erlingur að KA/Þór hafi spilað þrjá heimaleiki í úrslitakeppninni vorið 2022 og fékk svo reikning frá HSÍ upp á 750.000 krónur. Það er 250.000 krónur á leik. Liðin fyrir sunnan sem fengu dómara frá Reykjavík og spiluðu sína heimaleiki á höfuðborgarsvæðinu borguðu 120.000 krónur fyrir leikinn. Erlingi finnst eðlilegra að safna öllum kostnaðinum saman í einn pott og deila svo niður á liðin jafnt.

Þingforseti gaf Guðmundi B. Ólafssyni, formanni HSÍ, orðið til að bregðast við.

Guðmundur sagði þetta vera góða tillögu um að stofna nefnd til þess að fara yfir þetta. Bæði varðandi fjölgunina á dómurum, eða hvernig við getum fengið dómara til starfa, og í útbreiðslu í þeim málum og varðandi kostnaðinn. Þetta væri sannarlega til umræðu og stjórnin myndi taka þetta fyrir.

Kristján Gaukur Kristjánsson, formaður dómaranefndar, bað næstur um orðið.

Kristján þakkaði Erlingi fyrir innleggið. Hann sagðist vera sammála að mestu leyti en hann vissi að Fram væri með nóg af dómurum og hann hélt að það væri eitt annað félag en var ekki með það í kollinum. Kristján sagðist hafa rætt dómaramálin á formannafundum í vetur og að félögin hafi brugðist við. Prófaðir voru átta nýir dómarar á liðandi keppnistímabili. Nokkrir þeirra koma inn á næsta ári en betur má ef duga skal, sagði Kristján. Hann hvatti því félögin til að hvetja unglingana sína að dæma. Og konurnar. Sambandið vildi fá þær inn í dómgæsluna. Þá nefndi Kristján að samþykkt hefði verið að gefa afslátt af dómarsektum ef félög kæmu með konu inn í dómgæsluna. Það væri liður í að hvetja konur til að taka þetta að sér. Að lokum sagðist Kristján vona að handboltahreyfingunni tækist að fjölga dómurum.



Þingforseti bauð orðið aftur laust.

Pétur Bjarnason, fulltrúi Stjórnunnar, kvað sér hljóðs.

Pétur sagði að það væri búið að tala um það hundrað sinnum að dómarakostnaður yrði bara partur af rekstri HSÍ. Þá spurði hann hvort að það væri engin alvara í því að ræða það að allur dómarakostnaður væri partur af HSÍ gjöldunum. Þá væri misskiptingunni sem Erlingur talaði um, útrýmt.

Þingforseti bauð Arnari Þorkelssyni, gjaldkera HSÍ, orðið til þess að svara fyrir hönd stjórnar.

Arnar sagði að tekið hefði verið mjög gott skref fyrir þarsíðasta tímabil þar sem dómarakostnaður var gerður miðlægur þannig að hann fer í gegnum HSÍ. Eins og hann hafi komið inn á fyrr á þinginu þá væri rekstur HSÍ núna í jafnvægi og stefnan væri að geta brugðist við ákveðnum sveiflum en hann bæri ekkert meira en það. Mikil vinna væri á bak við það að halda í styrktaraðila. Arnar giskaði á að dómarakostnaður væri um 40 milljónir króna á ári. Það væri kostnaður sem HSÍ gæti ekki borið. Núna væri fyrirkomulagið þannig að dómarakostnaðurinn færi í gegnum HSÍ en væri greiddur af félögunum. Arnar taldi að eins og fjárhagsstaða HSÍ væri, gæti sambandið ekki tekið á sig þennan auka kostnað. Núþegar tæki sambandið á sig töluverðan kostnað af mótarekstri. Fyrir tveimur árum tók HSÍ það saman og í ljós kom að sambandið greiðir um það bil 25-30 milljónir króna inn í mótastarfið í heild sinni, umfram tekjurnar sem koma inn. Arnar sagði að ef það væri vilji félaganna að breyta því þá þyrfti að endurskoða afreksstarf og annað sem myndi þá bera halla af því. Á þessari stundu væri allavega ekki grundvöllur fyrir því að sambandið tæki dómarakostnaðinn á sig.

Þórir Haraldsson, fulltrúi Selfoss, bauð um orðið.

Þórir sagði að þetta með kostnaðarmálin væri svolítið snúið og skemmtilegt. Til dæmis væri Selfoss nógu langt í burtu frá Reykjavík til að þurfa að bera kostnað af dagpeningum en ekki nógu langt frá Reykjavík til að fá neina jöfnun á því í gegnum ferðakostnaðarhlutann. Þetta væri bara staðreynd. Selfoss þyrfti alltaf að borga meira en Reykjavíkurfélögin en fengi enga uppbót á það. Þórir sagði að enginn væri ofsæll af þessu. Það væri umhugsunarefni hvað sambandið gerði við sína sameiginlegu sjóði.

Til viðbótar tók Þórir undir mikilvægi þess að handboltahreyfingin næði að draga úr hinum fjárhagslegu þröskuldum sem eru fyrir ungt fólk að verða afreksmenn í handbolta. Það væri afar mikilvægt. Annars vegar væri um að ræða beinan ferðakostnað sem börnin og fjölskyldur þeirra þyrftu að leggja í til þess að börnin gætu keppt fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi. Sá kostnaður fer auðveldlega upp í 7-800.000 krónur á ári, að sögn Þóris. HSÍ hafi þó staðið sig vel í að hjálpa til við þær fjáraflanir. En til viðbótar við þetta, sagði Þórir, koma, frá félögunum úti á landi (hvort sem væri Akureyri, Ísafjörður, Selfoss eða Vestmannaeyjar), ferðalög, uppihald, gisting, akstur og annað sem leggst á foreldra og telst hvergi með. Þetta væri verulegur fjárhagslegur þröskuldur fyrir börnin til þess að geta sinnt íþróttinni. Þessu þarf handboltahreyfingin að geta brugðist við, að mati Þóris. Ekki síst gagnvart liðunum úti á landi



vegna þess að þetta er viðbótarkostnaður sem leggst á þær fjölskyldur. Landsliðskrakkarnir dvelja kannski megnið af tímanum milli jóla og nýárs ár eftir ár hjá ættingjum eða þess vegna í hótélherbergjum í Reykjavík, til þess að geta sinnt æfingum sem eru kannski tvisvar á dag og engin aðstaða einu sinni til þess að setjast niður á milli æfinga, sagði Þórir. Bara Kringlan, eða hvar sem er. Þórir sagði þetta ekki boðlegt og gengi ekki til framtíðar.

Að lokum fjallaði Þórir um að handboltahreyfingin í heild sinni þyrfti að velta fyrir sér hvernig við ætlum að halda á okkar málum til framtíðar. Síðustu tvö ár hafi verið mjög sterk umræða um málefni kvennaboltans. Nefndir hafi verið að störfum, kallað hafi verið eftir viðhorfum og sjónarmiðum frá öllum félögum og mikil vinna verið lögð í það að móta tillögur og hugmyndir um breytingar. Þórir notaði tækifærið og hrósaði þeim sérstaklega sem lögðu í þessa miklu greiningarvinnu og þessa miklu vinnu við að leggja fram tillögur, greina kosti og galla og leggja það fram. Þórir vakti hins vegar athygli á því að aðeins munaði þremur einstaklingum að lagabreytingartillaga hefði verið samþykkt. Hann velti því fyrir sér hvort það sé rosalega gott fyrir hreyfinguna að það þurfi alltaf 2/3 hluta atkvæða til þess að breyta þessum hlutum eða hvort að meirihlutinn eigi að hafa eitthvað meira að segja. Hann tók fram að þessu yrði ekki breytt á núverandi þingi en fannst að hreyfingin þyrfti að velta því alvarlega fyrir sér hvert stefnan lægi vegna þess að þó að félögin væru að einhverju leyti öll í sama báti fyrir handknattleiksíþróttina þá væru þau líka í samkeppni. Samkeppni um fjármagn og leikmenn. Þórir efaðist um að þetta væri besta fyrirkomulagið eins og það er í dag. Hann sagðist gera sér grein fyrir því að þetta hafi verið sett inn til þess að koma í veg fyrir að það væri óstöðugleiki og sveiflur á milli ára þannig að fólk vissi ekki að hverju það gengi. Það væri hins vegar ekki sjálfgefið að þessir þröskuldar ættu að vera með þessum hætti. Þórir endaði ávarp sitt á orðunum: Öll mannanna verk á að vera hægt að endurskoða.

Þingforseti bauð orðið aftur laust.

Ásgeir Jónsson, fulltrúi FH, bað um orðið og steig í pontu.

Ásgeiri fannst kominn tími til að vinda sér í mál málanna varðandi landsliðin. Mikið hafi verið talað og rætt um vinnu varðandi ráðningu landsliðspjálfa karla. Hann spurði formann HSÍ hvernig málin stæðu. Síðar um daginn væri lokaleikur karla landsliðsins í bili og Ásgeir taldi ljóst að þáverandi landsliðspjálfarar væru að ljúka störfum. Því langaði hann að vita hvernig staðan væri, hvert hún væri komin og hvenær mætti eiga von á því að tilkynnt yrði um nýjan landsliðspjálfa eða landsliðspjálfarateymi karla. Málefnið hafi brunnið á handboltaáhugafólki og aðeins hafi verið hægt að fylgjast með einhliða umfjöllun fjölmiðla. Lítið hafi komið frá HSÍ varðandi hvernig þessi mál standi sem Ásgeir sagði að það væri ekki gott. Þess vegna þætti honum vænt um það ef formaður HSÍ myndi segja upp og ofan af því hvernig málin stæðu.



Guðmundur B. Ólafsson steig í pontu til að svara Ásgeiri.

Guðmundur var sammála Ásgeiri í því að þetta væri málefni sem brynni á. Hann sagði þingfulltrúum frá ferlinu sem stjórn HSÍ fór í gegnum í sambandi við ráðningu landsliðsþjálfara. Ljóst hafi verið frá upphafi að landsliðið átti tvö verkefni eftir á tímabilinu. Stjórnin ákvað að kaupa sér tíma og losa sig undan allri tímapressu með því að ráða aðstoðarmennina til þess að sjá um þessa leiki. Síðan hafi stjórnin unnið vinnuna áfram. Guðmundur sagði þau hafa horft til útlanda, skannað markaðinn á Íslandi og síðan verið að þrengja hringinn. Sumir möguleikar væru ekki opnir og aðrir væru opnir. Pressan sem myndaðist var tvenns konar, að sögn Guðmundar. Annars vegar fjölmiðlapressa, sem væri búin til af fjölmiðlunum, og hins vegar pressa gagnvart þeim einstaklingum sem komu til greina í starfið og þyrftu að fá svör við því hvort starfið stæði til boða. Það væri alveg skiljanlegt sjónarmið en Guðmundur sagði það ekki beint vandamál eða hagsmunir stjórnar HSÍ. Að sjálfsögðu þyrfti að taka tillit til félaganna og einstaklinganna en Guðmundur sagðist setja hagsmuni HSÍ í fyrsta sæti. Þá sagði hann að hringurinn væri að þrengjast og hann ætti von á því að stjórnin næði að klára þetta á komandi dögum eða vikum. Hann vildi ekki búa til tímapressu á sig en sagði að ferlið væri allavega komið langt. Stjórnin væri búin að skanna það sem hún þyrfti að skanna og væri að meta stöðuna út frá hagsmunum HSÍ. Guðmundur líkti stöðu HSÍ við það að standa úti í miðri á. Ísland væri að fara á gríðarlega mikilvægt Evrópumót sem gæti gefið sæti á Ólympíuleikum eða allavega í umspili fyrir Ólympíuleika. Þess vegna skipti máli að liðið væri ekki beint að fara í uppbyggingu en færi samt í hana óbeint. Núna væri verkefnið að komast á Ólympíuleikana 2024 en auðvitað væri líka verið að horfa til þess hvernig við byggjum upp liðið til framtíðar. Næst yrði horft til Ólympíuleikanna 2028 í markmiðssetningu fyrir liðið. Vinnan við að velja og ráða nýjan landsliðsþjálfara miðaðist við framangreind atriði. Guðmundur vonaði að þetta gæfi þingfulltrúum skýr svör en gat því miður ekki upplýst þá meira á þessum tímapunkti. Fjölmiðlaumræðan og allt í kringum hana hafi ekki hjálpað sambandinu og eyðilagt í raun og veru tækifæri sem voru kannski opin eða minnkað möguleikana á þeim.

Þingforseti bauð orðið laust í síðasta skipti.

Pétur Bjarnason, fulltrúi Stjórnunnar, bað um orðið og þingforseti bauð honum að stíga upp í pontu.

Pétur hrósaði Kristínu fyrir eljuna og fyrir að hafa staðið í þessu og barist fyrir þessu. Hann bað þingfulltrúa að hafa það í huga að það grátlegasta við þetta væri að nú færi handboltahreyfingin inn í keppnisfyrirkomulag kvenna sem afgerandi minnihluti kaus með. Fleira var það ekki.

18. Kosning stjórnar

Kosið var í fimm embætti í stjórn, öll til tveggja ára. Aðeins einn frambjóðandi var um hverja stöðu og töldust þeir því allir sjálfkjörnir.

- | | |
|--|-------------------------|
| • Framboð til formanns HSÍ | Guðmundur B. Ólafsson |
| • Framboð til varaformanns HSÍ | Reynir Stefánsson |
| • Framboð til formanns markaðs- og kynningarnefndar HSÍ | Davíð Lúther Sigurðsson |
| • Framboð til formanns fræðslu- og útbreiðslunefndar HSÍ | Inga Lilja Lárusdóttir |
| • Framboð til formanns landsliðsnefndar karla | Páll Þórólfsson |

Þingheimur staðfesti með lófataki.

Framboð til varastjórnar HSÍ til eins árs:

- Alfreð Örn Finnsson
- Hrafnhildur Ósk Skúladóttir
- Ragnar Lárus Kristjánsson

Aðeins þrír frambjóðendur voru til varastjórnar HSÍ og töldust þeir því allir sjálfkjörnir.

Þingheimur staðfesti með lófataki.

19. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara

Tilnefndir tveir skoðunarmenn reikninga voru:

- Magnús Gunnar Erlendsson
- Theódór Ingi Pálmason

Til vara voru tveir eftirtaldir skoðunarmenn tilnefndir:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Engin önnur framboð eða tillögur bárust.

Tilnefndir tveir skoðunarmenn og tveir varaskoðunarmenn töldust allir réttkjörnir.

20. Kosning í dómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir þrír aðaldómarar í dómstól HSÍ voru:

- Bjarki Þór Sveinsson
- Grímur Sigurðsson
- Sigurður Smári Hilmarsson



Þrír varamenn í dómstól HSI voru tilnefndir:

- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Eiríkur Elís Þorláksson
- Guðmundur Þór Jónsson

Engar aðrar tillögur eða athugasemdir bárust.

Þau töldust öll réttkjörin sem dómarar í dómstól HSI.

21. Kosning í áfrýjunardómstól HSI, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir þrír aðaldómarar í áfrýjunardómstól HSI voru:

- Gunnar Jónsson
- Jóhannes Albert Sævarsson
- Þorsteinn Einarsson

Þrír varamenn í áfrýjunardómstól HSI voru tilnefndir:

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinnsson
- Hulda Rós Rúriksdóttir

Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust.

Þau töldust öll réttkjörin sem dómarar í áfrýjunardómstól HSI.

22. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Samkvæmt venju lagði þingforseti til að vali á fulltrúum á íþróttaping ÍSÍ yrði vísað til stjórnar HSI, sérstaklega þar sem langt var í næsta íþróttaping.

Þingforseti lagði tillöguna fram til samþykktar.

Meirihluti þingfulltrúa samþykkti að val á fulltrúum ÍSÍ yrði sett í hendur stjórnar HSI.

23. Þingslit

Helga Þórðardóttir, þingforseti, þakkaði fyrir sig og gaf Guðmundi B. Ólafssyni, formanni HSI orðið til að slíta þinginu.

Guðmundur þakkaði traustið og fyrir hönd annarra stjórnarmanna sem valdir voru til forystustarfa. Á þinginu hafi skapast mjög skemmtilegar umræður og þakkaði Guðmundur öllum sem lögðu sig fram við að koma sínum tillögum á framfæri og vekja athygli á stöðu kvennaboltans og hvað megi gera betur. Hann sagði að stjórnin myndi halda áfram þeirri



vinnu. Guðmundur tók til sín það sem Þórir sagði fyrir á þinginu um ýmis atriði sem þurfi að huga að í starfinu, til dæmis hvort að breytingar á deildum eigi að krefjast 2/3 meirihluta. Því þyrfti að breyta á þingi ef svo ætti að vera. Margt væri því til skoðunar, dómaramálin og fleira.

Handboltahreyfingin getur borið höfuðið hátt, að mati Guðmundar. Hann sagði að Valur hefði sýnt að með elju, dugnaði og útsjónarsemi væri hægt að taka þátt í Evrópukeppni með frábærum árangri. Hrósa bæri Val fyrir frábæra leiki, jákvæða umfjöllun um handboltann og íslensku deildina og ekki síst stjórnarmönnum og þeim sem hafi séð um þetta. Reksturinn á bak við liðið og öll umgjörðin var alveg til fyrirmyndar, sagði Guðmundur, og hvatning fyrir önnur félög að halda áfram og gera betur.

Guðmundur þakkaði þingfulltrúum fyrir góð þingstörf.

66. ársþingi HSÍ slitið.